



Snjóflóð á Íslandi veturinn 2015–2016

Óliver Hilmarsson

Forsíða: Varnargarðurinn uppá Bjólfinum fyrir ofan Seyðisfjörð og snjóflóðið sem féll á hann um miðjan janúar. Ljósmynd: Emil Tómasson, fyrrum snjóeftirlistmaður á Seyðisfirði.

Snjóflóð á Íslandi veturinn 2015–2016

Óliver Hilmarsson, Veðurstofu Íslands

Skýrsla nr.: VÍ 2017-010	Dags.: Október 2017	ISSN: 1670-8261	Opin <input checked="" type="checkbox"/> Lokuð <input type="checkbox"/> Skilmálar:
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill: Snjóflóð á Íslandi veturinn 2015–2016		Upplag: 40 Fjöldi síðna: 99	
Höfundar: Óliver Hilmarsson		Framkvæmdastjóri sviðs: Ingvar Kristinsson	
Gerð skýrslu/verkstig:		Verkefnisstjóri: Harpa Grímsdóttir	
		Verknúmer: 4351-0-0001	
		Málsnúmer:	
Unnið fyrir:			
Samvinnuaðilar:			
Útdráttur: Veturinn 2015–2016 hófst seint og var veður milt og lítið um illviðri fram eftir hausti. Eftir miðjan nóvember tóku norðlægar áttir við með snjósöfnun til fjalla og tóku snjóflóð að falla, m.a. á Siglufjarðarveg og Ólafsfjarðarveg. Í lok desember gekk óveður yfir landið sem olli talsverðu tjóni á Austfjörðum sökum sjávangangs, vinds, vatnsflóða, aurskriða og krapaflóða. Krapaflóð féll á bæinn Aðalból í Hrafnkelsdal í þessu veðri en ekki urðu slys á fólki. Þegar leið á veturinn voru froststillur nokkuð áberandi sem geta verið kjöraðstæður fyrir myndun veikra laga s.s. kantaðra kristalla og yfirborðshríms. 29 snjóflóð eru skráð af mannavöldum og 12 einstaklingar lentu í snjóflóðum en engin alvarleg meiðsl. Rýma þurfti húsnæði vegna snjóflóðahættu í þrjú skipti þennan vetur og í tvö skipti voru hús við utanverðan Eskifjörð rýmd vegna mögulegrar skriðuhættu. Það reyndi á snjóflóðavarnarvirki í fjögur skipti þennan vetur.			
Lykilorð: Snjóflóð, ofanflóð, snjóalög, tíðarfar, snjóflóðaaðstæður, snjóflóðasprengingar, snjó-dýptarmælingar, snjóflóðavakt, snjóflóðahrinur, snjóflóðaannáll, annáll		Undirskrift framkvæmdastjóra sviðs: <i>[Handwritten signature]</i>	
		Undirskrift verkefnisstjóra: <i>[Handwritten signature]</i>	
		Yfirfarið af: SG	

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR	7
2. YFIRLIT OFANFLÓÐAVAKTAR	7
3. SNJÓFLÓÐAYFIRLIT OG VÖKTUN SNJÓFLÓÐAHÆTTU	12
3.1 Skráning snjóflóða	12
3.2 Snjóflóðahrinur vetrarins	13
3.3 Óvissustig og rýmingar	14
3.4 Snjóflóð á vegi	15
3.5 Snjóflóð af mannavöldum.....	21
3.6 Snjódýptarmælingar	23
4. HELSTU SNJÓFLÓÐ VETRARINS	25
4.1 Aðalból í Hrafnkelsdal, 28. desember.....	26
4.2 Bjólfur við Seyðisfirði, 13/14. janúar	28
4.3 Tungufell í Tálknafirði, 5. febrúar	30
4.4 Laufás í Eyjafirði, 4/5. febrúar.....	32
4.5 Skriðutindar 12. febrúar	34
4.6 Búðargil við Bíldudal 13. mars	36
4.7 Króardalsskarð við Seyðisfjörð, 3. apríl	38
HEIMILDIR.....	40
VIÐAUKI I. SNJÓDÝPTARMÆLINGAR.....	41
VIÐAUKI II. SKRÁÐ SNJÓFLÓÐ VETURINN 2015–2016.....	44

Töfluskrá

Tafla 1. Fjöldi snjóflóðaskráninga og gerð snjóflóða veturinn 2015–2016 og næstu tvo vetur á undan. Neðst í töflunni er sýnt hve mörg flóð voru af stærð 3 eða stærri. 12	
Tafla 2. Viðbúnaðarástand veturinn 2015–2016	14
Tafla 3. Rýmingar veturinn 2015–2016	15
Tafla 4. Fjöldi snjóflóða sem lokuðu vegum á þeim svæðum sem Veðurstofan gefur út snjóflóðaspá.	15
Tafla 5. Ofanflóð veturinn 2015–2016 sem féllu yfir vegi og lokuðu þeim. Ekki er tiltekin stærð á aurskriðum eða grjóthruni.	16
Tafla 6. Snjóflóð af mannavöldum veturinn 2015–2016. G: Göngumaður, S: Skíðamaður V: Vélsleði, T: Snjótroðari	21

Myndaskrá

Mynd 1. Snjódýpt í Seljalandshlíð veturinn 2015–2016. Hæð stika ofan sjávarmáls er tilgreind aftan við stikunafn.	23
--	----

Mynd 2. Snjódýpt á sjálfvirka SM4 mælinum í Hafnarfjalli ofan Siglufjarðar. Hafa ber í huga að neðsti skynjarinn á þessum mæli er í rúmlega 60 cm hæð og því mælir hann ekki snjódýpt minni en 60 cm.	24
Mynd 3. Snjódýpt í Bjólfinum ofan Seyðisfjarðar. Hæð stika er tilgreind aftan við stikunafn.	24
Mynd 4. Mismunandi nákvæmni á útlínunum snjóflóða.	25
Mynd 5. Veðuraðdragandi krapaflóðsins sem féll á Aðalból í Hrafnkelsdal. Línuritinn sýna hitastig, úrkomu og vind á Brú á Jökuldal.	26
Mynd 6. Krapaflóðið sem féll á Aðalból í Hrafnkelsdal.	27
Mynd 7. Bifreið og skemma ofan við íbúðarhúsið á Aðalbóli gereyðilögðust.	27
Mynd 8. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Bjólfinum í janúar. Línuritinn sýna úrkomu á Seyðisfirði og vind á Fjarðarheiði. Lofthiti er fenginn frá Fjarðarheiði til að fá betri mynd af aðstæðum þar sem flóðið féll.	28
Mynd 9. Horft af varnargarðinum í Bjólfinum og yfir flóðtunguna.	29
Mynd 10. Varnargarðurinn í Bjólfinum og ummerki flóðsins sem kastaðist yfir garðinn á um 70 metra kafla	29
Mynd 11. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Tungufelli við Tálknafjörð. Línuritinn sýna hitastig og úrkomu á Tálknafirði og vind á Hálfán.	30
Mynd 12. Snjóflóðið í Tungufelli við Tálknafjörð séð frá Hrafnaldsvegi við Hólsá.	31
Mynd 13. Brotstál snjóflóðsins í Tungufelli við Tálknafjörð	31
Mynd 14. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Laufási. Línuritinn sýna hitastig og úrkomu á sjálfvirku veðurstöðinni á Akureyri og vind í Grímsey.	32
Mynd 15. Snjóflóðið við Laufás séð úr hlíðinni ofan Laufáskirkju. Búið er að ryðja í gegnum flóðið en flóðkögglarnir og flóðtungan í kirkjugarðinum sjást ágætlega.	33
Mynd 16. Flóðið féll yfir Grenivíkurveg og var nokkuð þykkt á veginum.	33
Mynd 17. Veðuraðdragandi snjóflóðsins við Skriðutinda. Línuritinn sýna hitastig og úrkomu á Þingvöllum og vind á Skálafjalli.	34
Mynd 18. Horft upp eftir flóðinu í Skriðutindum. Mynd: Gunnar Sigurðsson.	35
Mynd 19. Ökumaður vélsleðans slapp ómeiddur úr flóðinu í Skriðutindum. Mynd: Gunnar Sigurðsson.	35
Mynd 20. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Búðargili á Bíldudal. Línuritinn sýna hitastig og úrkomu á Bíldudal og vind á Hálfán.	36
Mynd 21. Krapaflóðið í Búðargili fór yfir Lönguhlíð og á húsið Höfðabrunn. Engin búseta er í húsinu sem er óvarið fyrir flóðum úr Búðargili.	37
Mynd 22. Krapaflóðið í Búðargili flæddi eftir lækjarfarveginum og náði ekkert uppá varnargarðinn.	37
Mynd 23. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Króardalsskarði. Línuritinn sýna vind á Gagnheiði og úrkomu á Seyðisfirði. Lofthiti er fenginn frá Gagnheiði til að fá betri mynd af aðstæðum þar sem flóðið féll.	38
Mynd 24. Snjóflóðið í Króardalsskarði. Hópurinn gekk upp eftir hrygg í landslaginu og sjást förin greinilega á myndinni. Flóðið fór af stað í hvíltinni innan og ofan við hópinn þegar hann átti skammt eftir uppá stall í hlíðinni. Mynd: Skúli Magnús Júlíusson.	39
Mynd 25. Snjóflóðið í Króardalsskarði sást vel frá Þjóðveginum til Seyðisfjarðar.	39

1. Inngangur

Annáll þessi nær yfir öll skráð snjóflóð frá 1. september 2015 til 1. september 2016. Flest flóðanna eru skráð af starfsfólki Veðurstofunnar og Vegagerðarinnar og er ljóst að fjölmörg flóð falla á ári hverju án þess að eftir þeim sé tekið eða þau skráð.

Í annálnum er fyrst yfirlit yfir helstu atburði eins og óveður, snjóflóð og skriðuföll, rýmingar og annað sem viðkemur störfum Ofanflóðaflóðavaktar Veðurstofu Íslands. Síðan er fjallað um helstu snjóflóð og snjóflóðahrinur, óvissustig og rýmingar, lokanir á vegum, flóð af manna-völdum, tjón og fleira. Nokkur snjóflóð eru tekin sérstaklega fyrir og þeim gerð betur skil. Í viðauka II er listi yfir allar snjóflóðafærslur vetrarins sem eru skráðar í gagnagrunn Veðurstofunnar. Myndir sem ekki eru merktar myndatökumanni voru teknar af starfsmönnum Veðurstofunnar.

2. Yfirlit ofanflóðavaktar

Í þessum kafla er farið yfir helstu atburði eins og óveður, snjóflóð og skriðuföll, rýmingar og annað sem viðkemur störfum Ofanflóðaflóðavaktar Veðurstofu Íslands. Hver mánuður er tekin fyrir frá september 2015 til ágúst 2016.

September

Eftir miklar rigningar seinni hluta ágúst mánaðar tók við almennt gott veður á landinu í september og hlýtt var í veðri.

Á fyrstu dögum mánaðarins voru skriðuföll enn að koma í ljós á Ströndum og Norðurlandi eftir miklar rigningar í lok ágúst mánaðar. Fjöldi aurskriða féll á báðum þessum svæðum og lokuðu vegum. Á Siglufirði höfðu ár og lækir verið í foráttuvexti og vatn grafið í sundur vegi, flætt yfir húsgarða og inní kjallara á nokkrum húsum. Stórar aurskriður féllu á Siglufjarðarveg beggja vegna Strákaganga og lokuðu honum. Vegurinn var opnaður á ný 2. september en þá hafði hann verið lokaður í tæpa viku. Hreinsa þurfti fráveitukerfi bæjarins af mól og aur eftir óveðrið.

Mánuðurinn var annars nokkuð tíðindalítill og úrkoma víða undir meðallagi á Norðurlandi. Í annari viku septembermánaðar bárust fréttir af sprungum og jarðsigi í veginum um Nesháls milli Húsavíkur og Loðmundafjarðar en hreyfingar á þessi svæði eru ekki nýjar af nálinni.

Þann 30. september birtist áhugaverð frétt á ruv.is um hreindýrahjörð sem líklega hafði farist í snjóflóði. Í fréttinni var greint frá því þegar Karl Steingrímsson, bóndi á Hróaldsstöðum í Vopnafirði fann 30 dauð hreindýr undir Ufsum, upp með Klofakvísl í Selárdal, 18. september.

Október

Aðgerðalítið veður var um meginhluta landsins í október, hlýtt og lítið um hvassviðri.

Þann 2. október hrundi grjót úr Kubba, í stærstu gilskorunni fyrir ofan Holtahverfi í Skutulsfirði og náðu tveir hnullungar upp að varnargarðinum fyrir ofan byggðina. Grjóthrun hélt áfram þann 4. í Kubba og Gleiðarhjalla í kjölfarið mikilla rigninga.

Lítill snjór var til fjalla og hlýtt í veðri þegar snjóflóðavakt hófst venju samkvæmt þann 15. en þann 23. gekk lægð yfir landið með norðlægum áttum og snjókomu til fjalla á Vestfjörðum og Norðurlandi.

25. október varð minniháttar grjóthrun við Valþjófsstað II í Fnjóskadal. Skall stórgrýti á hurð á útikamri sem stendur við eitt húsanna og olli tjóni á kamrinum. Atburðinum var lýst í fréttavef RÚV sem bar titilinn: „Náðhúsið stendur ekki undir nafni“

30. október bárust fréttir af hruni í Dyrholaey. Hrun þetta var um 70 m breitt og austan við þann stað sem hrundi úr eyggi vorið 2012 þegar tveir erlendir ferðamenn sluppu með skrekkin.

Nóvember

Þann 5. nóvember barst ofanflóðavakt tilkynning um jarðvegssig við veginn upp í Oddsskarð. Jarðvegurinn var á miklu iði og hafði sigið um 1 metra yfir daginn. Vettvangskönnun daginn eftir leiddi í ljós nýjar sprungur sem höfðu myndast víða á svæðinu, bæði ofan og neðan vegar og jarðvegur dúaði á stórum svæðum. Sprungusvæði hafði einnig myndast frá veginum og niður í aurkeiluna ofan við Engjabakka. Í ljósi þessara upplýsinga og rigningaspár næsta hálfra sólarhringinn var því ákveðið að beina þeim tilmælum til lögreglunar á Austurlandi að rýma Engjabakka vegna skriðhættu og jafnframt tryggja að enginn dveldi í orlofshúsunum tveimur á Högnastöðum. Starfsmenn Veðurstofunnar fóru um svæðið, mældu sprungur og settu niður fasta GPS-punkta til að fá gleggri mynd af hreyfingum á svæðinu. Sunnudaginn 8. nóvember var rýmingu aflétt þar sem athuganir gáfu til kynna að verulega hafði dregið úr hreyfingu á lausum jarðlagum.

Tveir nýir SM4 snjódýptarmælar voru settir upp um miðjan mánuðinn. Annar í Tindaöxl ofan Ólafsfjarðar og hinn í Brellum ofan Patreksfjarðar og er þetta kærkomin viðbót í mælanet Snjóflóðavaktarinnar.

Veður var milt framan af mánuðinum og svo til snjólaust til fjalla en eftir miðjan mánuðinn tóku norðlægar vindáttir við af ríkjandi suðlægum áttum. Snjór fór að safnast í fjöll og fyrsta snjóflóð vetrarins var skráð í Innra-Bæjargili ofan Flateyrar.

Þann 29. gekk fyrsta alvöru vetrar áhlaupið yfir Norðurland. Engin hætta skapaðist í byggð í þessu veðri en snjóflóð féllu víða á Norðurlandi og meðal annars á Siglufjarðarveg og Ólafsfjarðarveg þannig að báðir þessir vegir lokuðust.

Desember

Austan hvassviðri gekk yfir landið 1. desember með talsverðri snjókomu víða um land. Vindur snerist svo í hvassa vestanátt með skafrenningi til fjalla og féllu tvö snjóflóð á veginn um Ólafsfjarðarmúla í kjölfarið.

Óvissustig var sett á fyrir norðanverða Vestfirði 4–5. desember en minna varð úr þessu veðri en spár gerðu ráð fyrir. Vegirnir um Súðavíkurhlíð og Ólafsfjarðarmúla voru lokaðir um tíma vegna snjóflóðahættu og síðar kom í ljós að fimm flóð höfðu fallið á veginn um Súðavíkurhlíð. Snjóflóð féll einnig á veginn um Hvilftarströnd en hann var merkur ófær þegar flóðið féll. Á Norðurlandi féllu tvö flóð á veginn um Dalsmynni.

Austan stormur og ofsaveður gekk yfir allt landið 7–8. desember með rigningu og slyddu á láglandi en snjókomu til fjalla. Óvissustig vegna snjóflóðahættu var sett á fyrir norðan- og sunnanverða Vestfirði, Norðurland og Austfirði en hættustig var ekki sett á. Talsverðir fokskaðar voru í þessu veðri víða um land og rifnaða m.a. þak af hlöðunni hjá snjóathugunarmanni Veðurstofunnar í Bolungarvík. Margar smáspýjur og nokkur lítil krapaflóð féllu á Austurlandi. Snjóflóð féllu einnig víða á Vestfjörðum og á Ströndum féllu allmörg stór snjóflóð yfir vegi.

Á Þorláksmessu gekk þykkur úrkomubakki með skafrenningi yfir Tröllaskaga og féllu tvö flóð í kjölfarið í hlíðinni ofan Ólafsfjarðarvegar. Bæði flóðin enduðu í snjóflóðaskápum ofan við veginn en kóf frá flóðunum fór yfir veg. Heldur dró úr úrkomu á aðfangadag en enn var mikill

skafrenningur þannig hætt var við mokstur um morguninn. Um hádegisleytið var aftur reynt að opna Ólafsfjarðarveg en þá komu mokstursmenn að stóru snjóflóði úr gili 38 sem lokaði veginum.

Flekaflóð brast undan fjallaskíðafólki á Hengilssvæðinu annan í jólum. Tveir lentu í flóðinu og bárust með því um 200 metra en sluppu ómeiddir.

Dagana 28–30. desember gengu tvö óveður yfir Austfirði með stuttu millibili. Fyrra veðrinu þann 28. fylgdi úrhellisrigning og þar að auki var hiti nokkrum gráðum yfir frostmarki í fjallahæð. Þetta sambland af úrhellisrigningu og leysingu varð þess valdandi að ár og lækir flæddu víða yfir bakka sína. Lækir voru brúnir af aur og drullu og stífluðu ræsi og krapaflóð komu niður lækjarfarvegi m.a. á Seyðisfirði, Neskaupstað og Eskifirði. Óvissustigi vegna krapaflóðahættu var lýst yfir á Austurlandi og rýma þurfti 7 hús á Eskifirði á meðan farvegur Grjótár var hreinsaður eftir krapaflóð í ánni.

Um kvöldið 28. desember féll krapaflóð í Hrafnkeldal og skall á húsinu Aðalbóli. Flóðið var stórt og náði upp undir glugga á efri hæð hússins og flæddi inni herbergi á neðri hæð hússins. Einn maður var í húsinu sem slapp ómeiddur en bíll sem stóð við húsið gereyðilagðist og skemma áföst húsinu sömuleiðis. Húsið sjálft slapp furðu vel fyrir utan smáskemmdir á klæðningu og innanstokksmunum.

Stund milli stríða var á Austurlandi 29. desember en þann 30. skall seinna óveðrið á. Mun meiri veðurhæð var í þessu veðri, mjög hvasst og há sjávarstaða. Foktjón var talsvert sem og sjávarskaðar á sunnanverðum Austfjörðum. Fjöldi aurskriða féllu í þessu veðri og m.a. um 100 m breið skriða sem fór yfir veg, skammt innan við Skriðuklaustur í Fljótaldal.

Næstu daga og vikur voru verksummerki enn að koma í ljós eftir þessi tvö óveður og voru vegir víða í sundur og aurskriður í fjöllum.

Desembermánuður var úrkomusamur um mest allt land og féllu úrkomumet fyrir desembermánuð á nokkrum stöðvum, þar á meðal á Dalatanga þar sem mælt hefur verið allt frá 1938.

Janúar

Froststillur voru nokkuð áberandi í janúarmánuði. Slíkar aðstæður geta skapað kjöraðstæður fyrir myndun veikra laga s.s. kantaðra kristalla og yfirborðshríms. Á Tröllaskaga grófst yfirborðshrím undir nýrri snjó og myndaði veikleika í snjónum um tíma og varasamar aðstæður fyrir fjallafólk. Náttúruleg flekaflóð féllu á Tröllaskaga en engin af mannavöldum.

Allstórt snjóflóð féll á þvergarðinn í Bjólfinum ofan Seyðisfjarðar, líklega þann 14. janúar. Þvergarðurinn, sem er upp á stalli í fjallinu, er 20 m hár og á að koma í veg fyrir að snjóflóð falli áfram niður neðri hluta hlíðarinnar í átt að byggð á Seyðisfirði. Flóðið lenti á garðinum á um 70 m löngum kafla og kastaðist um 30 m yfir hann. Er þetta þriðja stóra flóðið sem vitað er um sem lendir á þessum garði en flóð féllu einnig á garðinn 2006 og 2008.

15. janúar féll snjóflóð undan troðara þegar verið var að troða skíðabrekkur í Stafdal. Flóðið féll í brekku norðan við lyftuna sem er þekkt fyrir snjóflóð. Svæðið var lokað almenningi þegar flóðið féll.

30. janúar kom vélsleði af stað flekahlaupi á Lyngdalsheiði sem hreif með sér þrjá menn og þrjá vélsleða. Bárust þeir með flóðinu um 80–100 metra og grófust að hluta en engin slasaðist.

Febrúar

Eftir rólegheitar veður í janúar tók við rysjótt tíð í febrúar. Austan stormur gekk yfir landið 4. febrúar og var óvissustigi lýst yfir bæði á sunnan- og norðanverðum Vestfjörðum. Ákveðið var að rýma nokkur hús á rýmingarreit 4 á Patreksfirði þar sem hlíðin fyrir ofan byggðina getur

safnað miklum snjó í austanátt. Mörg stór flóð féllu á Vestfjörðum í þessu veðri en þar ber helst að nefna flóð sem féll niður á götu á Patreksfirði, um 40 m utan við húsin sem voru rýmd. Á Tálknafirði féll einnig óvenju stórt snjóflóð í Tungufelli en ógnaði ekki byggð. Allstórt snjóflóð féll úr Ytra-Bæjargili sem braut staur í raflínu þannig að rafmagnið fór af Flateyri um tíma. Snjóflóð féll í Innri Kirkjubólshlíð sem fór yfir veg og úti sjó. Stórt snjóflóð féll innst í Syðridal, beggja vegna Reiðhjallavirkjunnar og síðar komu einnig í ljós mörg stór flóð sem höfðu fallið úr þekktum snjóflóðafarvegum í Skálavík.

Flóð féllu líka á fleiri stöðum á landinu í þessu veðri. Á Norðurlandi féll stórt snjóflóð við bæinn Laufás og hafnaði á kirkjunni sem er skammt sunnan við bæinn. Kirkjan slapp en leiði og trjágróður í kirkjugarðinum fóru illa. Á SA-landi féll flóð í Hvalnesskriðum og lokaði veginum.

Þann 9. febrúar setti sleðamaður af stað snjóflóð í Eldgjá. Náði hann með naumindum að aka upp í hlíðina á móti og forða sér. Premur dögum síðar birtist önnur frétt á sömu vefsíðu um að sleðamaður hafi lent í stóru snjóflóði við Skriðutinda. Bæði maður og sleði grófust í flóðinu en snjóflóðapoki og ýlir varð til þess að félagar mannsins náðu að finna hann og grafa hann upp á um fimm mínútum. Maðurinn slapp ómeiddur.

Austan óveður gekk yfir landið 15–16. febrúar með nokkrum hlýindum og féllu vindhraðamet víða um landið. Allmörg snjóflóð eru skráð á Norðurlandi þessa daga en annars olli þetta veður ekki teljandi vandræðum.

Norðaustan vetrarveður gekk yfir landið 19–21. febrúar og óvissustig var sett á um tíma fyrir norðanverða Vestfirði. Snjóflóð féllu á þekktum stöðum.

Óvenjumikill snjór var á Suðausturlandi í lok mánaðarins og féllu fjölmörg snjóflóð í Hvalnesskriðum og lokuðu veginum í nokkrum tilfellum. Lokaðist bíll á milli flóða í eitt skiptið.

Mars

Í fyrstu viku mánaðarins féll snjóflóð af völdum vélsleða á Hengilssvæðinu. Vélsleðamaður hafði sett lítið flekaflóð af stað, þegar hann ók niður brekku. Grófst sleðinn að hluta en maðurinn virkjaði loftpúðapoka sinn og endaði í yfirborði flóðsins og sakaði ekki. Daginn sem flóðið féll var varað við snjóflóðahættu á svæðinu á vef Veðurstofunnar.

Dagana 12–14. mars gengu tvær lægðir yfir landið með suðlægum áttum. Hvassast var á Vestfjörðum og töluverð hlýindi á meðan vindur var af suðaustri. Um klukkan 16:30 þann 13. mars féll krapaflóð úr Klofagili á Bíldudal og nam staðar um 60 metrum ofan byggðar. Skömmu síðar féllu einnig krapaflóð úr Innsta-Milligili og Búðargili. Varnargarður ver nú alla byggð fyrir flóðum úr Búðargili en nokkur gömul hús, sem engin búseta er í, eru enn í farveginum. Eitt þessara húsa, Höfðabrun, varð fyrir flóðinu úr Búðargili og skemmdist eitthvað. Í Gilsbakkagili sem einnig er þekkt fyrir krapaflóð var gott rennsli og ekki talin hætta á krapaflóði þar.

Nokkur hús voru rýmd undir Geirseyrargili (Stekkgili) í þessu veðri en þar féll mannskætt krapaflóð árið 1983.

Það reyndi á varnargarða víðar en á Bíldudal í þessu veðri en fjölmörg snjóflóð féllu ofan við þvergarðana á Siglufirði. Flest þessara flóða voru lítil en stærstu flóðin náðu upp á miðja garðana og hefðu e.t.v. náð að efstu húsum. Snjóalög voru mjög óstöðug á Tröllaskaga á þessum tíma og féllu stór snjóflóð á Siglufjarðarveg, beggja vegna Strákaganga.

Á Súðavíkurhlíð féllu nokkur flóð sem er ekki í frásögur færandi nema að flest þeirra báru öll merki þess að vera krapaflóð sem er óvenjulegt fyrir Súðavíkurhlíð.

Um páskana bætti talsvert á snjó á Norðurlandi. Mikið yfirborðshrím (héla) hafði sést í fjöllum á afmörkuðum svæðum áður en tók að snjóa en þekkt er að snjór getur orðið mjög óstöðugur þegar yfirborðshrím grefst undir nýsnævi. Þessi veikleiki var viðloðandi nokkuð lengi í fjöllum

á Norðurlandi en var mjög svæðisbundin. Vesturvísandi hliðar voru sérstaklega óstöðugar og oft þurfti aðeins lítinn austan skafrenning til að setja af stað stór flekaflóð. Nokkur flóð féllu undan skíðamönnum en enginn slasaðist.

Apríl

Veður var meinlaust megnið af mánuðinum.

Á Austfjörðum voru varasöm snjóalög til fjalla í byrjun apríl og féllu tvö nokkuð stór flóð af mannavöldum. Gönguhópur setti flóð af stað um 50 m til hliðar við sig, á leið upp í Króardalsskarð milli Seyðisfjarðar og Mjóafjarðar. Flóðið hefði hæglega getað grafið fólk en enginn lenti í sjálfu flóðinu og snéri hópurinn við sömu leið. Annað flóð féll undan vélsleðamanni í Loðmundarfirði sama dag og í enn eitt skiptið þennan vetur var loftpúðapoki virkjaður. Maðurinn endaði í yfirborði flóðsins og slapp ómeiddur.

Þann 1. apríl féll vott snjóflóð úr Ytra-Tröllagili fyrir ofan Neskaupstað og í gegnum stoðgrindaraðirnar efst í gilinu. Flóðið hefði vafalaust orðið talsvert stærra ef engar grindur hefðu verið til að draga úr massa og hraða flóðsins. Var þetta í fjórða sinn á þessum vetri sem reyndi á varnarvirki fyrir ofan byggð vegna snjóflóða. Um svipað leyti féll einnig snjóflóð í Sörlagili sem stöðvaðist nokkra metra utanvið varnargarðinn hjá gangamunna Norðfjarðarganga.

Mái

Í byrjun maí bætti töluvert á snjó á norðanverðum Vestfjörðum og Norðurlandi og í kjölfarið féllu mörg lausflóð en einnig nokkur vot flekaflóðum. Stórt flekaflóð féll m.a. yfir vegskála Múlaganga, Dalvíkurmegin og fréttir bárust frá sleðamönnum sem sluppu frá stóru flekaflóði á Flateyjarskaga. Skíða- og göngufólk settu einnig af stað meðalstór og stór flekaflóð á Tröllaskaga og vegna þessa óstöðugleika þurfti að flytja fjallaskíðamót sem haldið var á Siglufirði í öruggari brekkur. Þetta vorhret kemur mjög vel fram á mynd 2 sem sýnir snjódýpt á sjálfvirkum SM4 snjódýptarmæli á Hafnarfjalli ofan Siglufjarðar en snjódýpt náði hámarki á þessum mæli á þessum tíma.

Þann 8. maí settu skíðamenn af stað flekaflóð í Seljalandshlíð í Skutulsfirði en sluppu sjálfir. Mikil dægursveifla og gott veður var á þessum tíma og viðhélst veikleiki á Vestfjörðum óvenju lengi. Vegna þessa síðbúna veikleika til fjalla var það ekki fyrr en 27. maí sem hætt var að gera formlegt mat á snjóflóðahættu til fjalla og snjóþekja talin vera orðin almennt stöðug.

Júní

Mjög hlýtt var í júnímánuði um nær allt land og þurrt framan af en þegar líða tók á mánuðinn var úrkomusamara. Á Austurlandi óx í lækjum í kjölfar rigninga en engar skriður voru skráðar. Ein lítil skriða var skráð við Gígjökul og grjóthrun varð í Naustahvilft við Ísafjörð.

Júlí

Júlímánuður var úrkomusamur nyrst á Austfjörðum og einnig á Ströndum. Tvær skriður eru skráðar í mánuðinum. Fyrri skriðan féll við gólfvöllinn í Vík í Mýrdal þann 14. og seinni skriðan féll úr hömrum við Krossárjökul í Þórsmörk þann 25.

Ágúst

Engin ofanflóð voru skráð í ágústmánuði.

3. Snjóflóðayfirlit og vöktun snjóflóðahættu

3.1 Skráning snjóflóða

Frá 1. september 2015 til 1. september 2016 eru skráðar 708 snjóflóðafærslur í ofanflóðagagnasafn Veðurstofu Íslands. Í sumum tilfellum geta verið nokkur snjóflóð í sömu skráningunni en þetta á sérstaklega við um litlar spýjur og ómerkileg flóð. Ef nægar upplýsingar eru til um stærri og merkilegri flóð eru útlínur flóðanna teiknaðar í gagnagrunn Veðurstofunnar. Yfirleitt eru ekki teiknaðar útlínur á flóðum sem eru minni en 2 á stærð nema að flóðið teljist sérstakt á einhvern hátt. Veturinn 2015–2016 voru teiknaðar útlínur fyrir 359 snjóflóð. Tafla 1 sýnir heildar fjölda snjóflóða þennan vetur og næstu tvo vetur á undan og jafnframt hversu mörg flóð af hverri tegund féllu. Athyglisvert er að sjá hversu mörg krapaflóð eru skráð þennan vetur.

Tafla 1. Fjöldi snjóflóðaskráninga og gerð snjóflóða veturinn 2015–2016 og næstu tvo vetur á undan. Neðst í töflunni er sýnt hve mörg flóð voru af stærð 3 eða stærri.

	2013 – 2014	2014 – 2015	2015 – 2016
Snjóflóð	103	68	59
Þurr flekahlaup	326	242	358
Vot flekahlaup	136	77	124
Flekahlaup	95	30	39
Þurr lausasnjóflóð	23	37	25
Vot lausasnjóflóð	59	79	67
Lausasnjóflóð	16	7	3
Krapaflóð	0	5	33
Alls	758	545	708
Flóð af stærð 3 eða stærri	122 (þar af sjö flóð af stærð 4)	31	50 (þar af tvö flóð af stærð 4)

3.2 Snjóflóðahrinur vetrarins

Í gagnagrunn Veðurstofunnar eru skilgreindar hrinur snjóflóða þegar ástæða þykir til. Þá er átt við mörg snjóflóð sem falla í sama veðrinu yfir nokkurra daga tímabil og yfirleitt í sama landshlutanum. Þennan vetur eru skráðar 19 snjóflóðahrinur.

Table 1. Snjóflóðahrinur vetrarins.

Tímabil	Svæði	Fjöldi	Lýsing
28–30.11.2015	Dalvík, Siglufjörður, Hörgárdalur	6	Nokkur snjóflóð féllu á Ólafsfjarðarveg og trúlega einhver í Hörgár- og Öxnadal.
1/2.12.2015	Dalvík, Hörgár-, Öxnadalur	7	Snjóflóð féllu á Ólafsfjarðarveg og líklega í Hörgár- og Öxnadal
4–6.12.2015	Fnjóskadalur, Öxnadalur, Dalvík	9	Snjóflóð féllu yfir veg í Dalsmynni í Fnjóskadal og Hörgár- og Öxnadal.
5–7.12.2015	Súðavíkurlíð, Kirkjubólshlíð og Önundarfjörður	13	Snjóflóð féllu á Súðavíkurlíð, Kirkjubólshlíð og í Önundarfirði.
7–8.12.2015	Neskaupstaður	7	Nokkur krapaflóð féllu ofan við Neskaupstað en ógnuðu ekki byggð.
8.12.2015	Víða á Vestfjörðum	46	Mörg snjóflóð féllu víða á Vestfjörðum. Stór flóð féllu á Ströndum og lokuðu vegum á nokkrum stöðum.
28.12.2015	Austfirðir, Fljótaldalshérað og Jökuldalur	20	Víðtæk krapaflóðahrina varð á Austurlandi eftir úrhellisrigningu og leysingar frá því síðdegis daginn áður 27. des. Krapaflóð féll á íbúðarhúsið á Aðalbóli í Hrafnkeldsdal og olli nokkrum skemmdum.
27–30.12.2015	Seyðisfjörður, Reyðarfjörður, Fagridalur, Mjóifjörður og Fljótaldalshérað	5	Aurskriður féllu í kjölfar mikilla leysinga og vatnavaxta á Austfjörðum og á Héraði, fyrst í SA-hellirigningu en svo í hvassari og kaldari Alægri átt með nokkuð minni úrkomu.
13/14.1.2016	Dalvík og nágrenni	22	Mörg þurr flekaflóð, sum nokkuð stór, féllu í fjöllum í nágrenni Dalvíkur.
4–5.2.2016	Víða á Vestfjörðum	30	Snjóflóð féllu víða á Vestfjörðum. Meðal annars yfir götu á Patreksfirði eftir að nokkur hús höfðu verið rýmd.
4–5.2.2016	Upsaströnd og Fnjóskadalur	14	Nokkur þurr flekahlaup féllu á Upsaströnd, Siglufjarðarveg og í Fnjóskadal í A-hvasssviðri og snjókomu. Stórt snjóflóð féll við bæinn Laufás og yfir kirkjugarðinn.
15–17.2.2016	Fnjóskadalur, Hörgárdalur, Skagafjörður	42	Mörg vot flekaflóð féllu í Ljósavatnsskarði, Fnjóskadal, Hörgárdal, Kaupangssveit, Höfðahverfi og Skagafirði austan vatna.
19–20.2.2016	Súðavíkurlíð, Kirkjubólshlíð og Önundarfjörður	31	Mörg snjóflóð féllu á Súðavíkur- og Kirkjubólshlíð.
19–21.2.2016	Siglufjörður, Hörgárdalur, Höfðahverfi og Dalsmynni	43	Mörg þurr flekaflóð féllu víða á Norðurlandi. Siglufjarðarvegur lokaðist á nokkrum stöðum og stórt flóð féll m.a. úr S-Kálfalækjargili ofan Brakanda.

Framhald á næstu síðu

12–13.3.2016	Bíldudalur, Súðavíkurlíð	20	Krapaflóð féllu á Bíldudal. Vot flóð og síðar einnig krapaflóð féllu á Súðavíkurlíð.
25–28.3.2016	Hlíðarfjall, Svarfaðardalur, Ólafsfjörður, Látraströnd	15	Flekahlaup féllu í NV-lægri átt með talsverðri snjókomu með köflum í V- og NV-vísandi hlíðum í Svarfaðardal og innst á Látraströnd, í A-vísandi hlíðum í Hlíðarfjalli og á Ytriárdal í Ólafsfirði.
30.3.2016	Austanverður Svarfaðardalur og Ólafsfjörður	16	Þurr flekaflóð féllu í austanverðum Svarfaðardal við litla ákomu í lítilsháttar skafrenningi. Nokkur flóð féllu einnig umhverfis Ólafsfjörð
1–3.4.2016	Austanverður Skíðadalur	10	20–30 flekaflóð féllu víða í N–V vísandi brekkum í A-verðum Skíðadal
7–9.5.2016	Norðanverður Tröllaskagi	51	Mikið af votum lausaflóðum féllu á norðanverðum Tröllaskaga og einnig nokkur vot flekaflóð.

3.3 Óvissustig og rýmingar

Óvissustig vegna ofanflóðahættu var sett á tólf sinnum þennan vetur. Eitt af þessum tólf óvissustigum var vegna hreyfinga á lausum jarðlögum og sprungumyndunar fyrir ofan Engjabakka og Högnastaði á Austfjörðum. Öll hin 11 óvissustigin voru sett í kjölfarið á sjö óveðrum sem gengu yfir landið.

Tafla 2. Viðbúnaðarástand veturinn 2015–2016.

Svæði	Ástæða	Sett	Aflýst
Austurland	Skriðuhætta ofan við Högnastaði og Engjabakka	2015-11-06 14:00	2015-11-06 14:00
Norðanverðir Vestfirðir	Snjóflóðahætta	2015-12-04 22:00	2015-12-05 21:00
Austurland	Snjóflóðahætta	2015-12-07 18:00	2015-12-08 09:00
Mið-Norðurland	Snjóflóðahætta	2015-12-07 18:00	2015-12-08 09:15
Norðanverðir Vestfirðir	Snjóflóðahætta	2015-12-07 19:00	2015-12-08 14:15
Sunnanverðir Vestfirðir	Snjóflóðahætta	2015-12-07 19:30	2015-12-08 16:30
Austurland	Snjóflóða- og krapaflóðahætta	2015-12-28 14:00	2015-12-29 09:30
Austurland	Krapaflóða- og skriðuhætta	2015-12-29 19:00	2015-12-30 19:00
Sunnanverðir Vestfirðir	Snjóflóðahætta	2016-02-04 18:40	2016-02-06 08:00
Norðanverðir Vestfirðir	Snjóflóðahætta	2016-02-04 22:00	2016-02-05 20:45
Norðanverðir Vestfirðir	Snjóflóðahætta	2016-02-19 20:00	2016-02-21 14:15
Sunnanverðir Vestfirðir	Snjóflóðahætta	2016-03-13 19:40	2016-03-14 12:00

Hættustig með tilheyrandi rýmingu húsnæðis var sett á í fimm skipti þennan vetur. Í öll skiptin var um að ræða rýmingu á íbúðahúsnæði. Rýmingarnar 6. nóvember og 29. desember fyrir Engjabakka og Högnastaði eru annars eðlis þar sem um skriðuhættu var að ræða. Þá voru send út tilmæli til lögreglunnar á Austfjörðum um að þessir staðir yrðu mannláusir á meðan aðstæður voru varasamar.

Tafla 3. Rýmingar veturinn 2015–2016.

Staður	Nánar	Sett	Aflýst
Eskifjörður	Skriðuhætta - Engjabakki og Högnastaðir.	2015-11-06 15:30	2015-11-08 16:25
Eskifjörður	Krapaflóðahætta - 7 hús við farveg Grjótar.	2015-12-28 19:40	2015-12-29 08:00
Eskifjörður	Skriðuhætta - Engjabakki og Högnastaðir.	2015-12-29 18:30	2015-12-30 20:15
Patreksfjörður	Snjóflóðahætta - Reitur 4 austan farvegar.	2016-02-04 22:00	2016-02-05 20:30
Patreksfjörður	Snjóflóðahætta - Reitur 10,11 og hluti af reit 12 samkvæmt mati lögreglu.	2016-03-13 20:00	2016-03-14 09:00

3.4 Snjóflóð á vegi

Á hverju ári falla mörg snjóflóð á vegi landsins og þá sérstaklega á Vestfjörðum þar sem vegir liggja víða um brattar fjallshlíðar. Í gagnagrunni Veðurstofunnar er skráð að ofanflóð loki vegi ef það fellur yfir þjóðveg eða aðra vegi og vegslóða sem almenningur notar til að komast á milli staða. Ofanflóð sem falla á vegi og vegslóða sem eru ekki í almennt notkunn fá ekki þessa merkingu í gagnagrunninum. Af 86 ofanflóðum sem féllu á vegi þennan vetur voru 52 á Vestfjörðum, 24 á Norðurlandi og 10 í öðrum landshlutum.

Snjóflóðavakt Veðurstofunnar gerir snjóflóðaspá fyrir þrjá vegi á landinu en það er vegurinn um Kirkjuból- og Súðavíkurhlíð milli Ísafjarðar og Súðavíkur, Siglufjarðarvegur og Ólafsfjarðarvegur. Talsverð umferð fólks til og frá vinnu og annarra erinda, er um þessa þrjá vegi og eru snjóflóðaspárnar eru gerðar fyrir Vegagerðina sem metur í framhaldi af því hvort gripið er til ráðstafana. Tafla 4 sýnir fjölda flóða sem lokuðu þessum þremur vegum veturinn 2015–2016. Alls voru 24 flóð sem lokuðu veginum um Súðavíkur- og Kirkjubólshlíð, þar af 17 á Súðavíkurhlíð og 7 á Kirkjubólshlíð. Af þeim 17 flóðum sem féllu á Súðavíkurhlíð voru 7 krapaflóð sem féllu um miðjan mars í krapaflóðahrinu sem gekk yfir Vestfirði. Súðavíkurhlíð er annars ekki þekkt fyrir mikla krapaflóðavirkni. Mörg flóð féllu á Siglufjarðarveg þennan vetur eða alls 16 talsins. Flest þessara flóða féllu í snjóflóðahrinu dagana 19–20. febrúar og voru sum þeirra stór og náðu í sjó fram. Ólafsfjarðarvegur fékk einnig sinn skerf af flóðum eða fimm talsins sem öll féllu fyrir áramótin.

Tafla 4. Fjöldi snjóflóða sem lokuðu vegum á þeim svæðum sem Veðurstofan gefur út snjóflóðaspá.

Spásvæði	Fjöldi
Súðavíkur- og Kirkjubólshlíð	24
Siglufjarðarvegur	16
Ólafsfjarðarvegur	5

Tafla 5 sýnir lista yfir allar ofanflóðaskráningar fyrir flóð (snjóflóð, aurskriður og grjóthrun) sem féllu yfir vegi landsins veturinn 2015–2016 í rétttri tímaröð.

Tafla 5. Ofanflóð veturinn 2015–2016 sem féllu yfir vegi og lokuðu þeim. Ekki er tiltekin stærð á aurskriðum eða grjóthruni.

Flóð	Dagsetning	Stærð	Farvegur	Lýsing
52982	10.10.2015		Súðavíkurhlíð og Sauratindar	Grjót hrundi á veginn um Súðavíkurhlíð, úr gili 13. Mikið af grjóti kom á veginn og þurfti að loka honum á meðan hann var hreinsaður.
52526	29.11.2015	2	Miðströnd	Snjóflóð féll á Siglufjarðarveg við Miðströnd þannig að vegurinn lokaðist.
52892	29.11.2015	2,5	Ólafsfjarðarvegur farv. 37	Annað af tveimur snjóflóðum sem féllu á Ólafsfjarðarveg skömmu eftir að mokstursbíll fór um. Flóðið lokaði veginum.
52987	29.11.2015	2,5	Ólafsfjarðarvegur farv. 38	Annað af tveimur snjóflóðum sem féllu á Ólafsfjarðarveg skömmu eftir að mokstursbíll fór um. Flóðið lokaði veginum.
52988	29/30.11.2015	3	Ólafsfjarðarvegur farv. 36	Öflugt snjóflóð féll í farvegi 36 við Sauðanes sem virðist hafa farið hratt yfir Ólafsfjarðarveg og fram í sjó. Flóðið lokaði veginum.
52990	2.12.2015	2,5	Ólafsfjarðarvegur farv. 39	Snjóflóð féll við Sauðanes og lokaði Ólafsfjarðarvegi.
53011	5/6.12.2015	2,5	Þverárfjall	Snjóflóð féll í Stekkjargili sem náði niður undir árbakkann. Tunga flóðsins var um 60 m breidd á vegi og lokaði honum.
53012	5/6.12.2015	3	Þverárfjall	Stórt snjóflóð féll í Nautagili í Þverárfjalli. Flóðið var um 90–100 m breitt og 0,5 m þykkt á veginum og náði langt niður fyrir hann.
53004	5.12.2015	3	Súðavíkurhlíð, Fjargil (vegagerðarfarvegur 21)	Snjóflóð féll á Súðavíkurhlíð í Fjargili sem lokaði veginum. Þykkt flóðsins á veginum var um 2 m.
53001	5.12.2015	2,5	Selabólsurð, undir Urðarskál	Snjóflóð féll úr gili innan við Urðarskál og stöðvaðist á veginum og lokaði honum. Flóðið var um 25 m breitt og 1,2 m þykkt á vegi.
53082	8.12.2015	2	Reykjarfjörður á Ströndum	Snjóflóð féll á Kjörvogshlíð í Reykjarfirði og lokaði veginum.
53075	8.12.2015	2,5	Reykjarfjörður á Ströndum	Snjóflóð féll í Reykjarfirði á Ströndum og lokaði veginum.
53077	8.12.2015	2	Reykjarfjörður á Ströndum	Snjóflóð féll í Sætravík í Reykjarfirði og lokaði veginum.
53078	8.12.2015	1	Reykjarfjörður á Ströndum	Snjóflóð féll í Sætravík í Reykjarfirði og lokaði veginum.
53079	8.12.2015	3	Reykjarfjörður á Ströndum	Stórt flóð féll við Kýrvík í Reykjarfirði og lokaði veginum.
53080	8.12.2015	2	Reykjarfjörður á Ströndum	Snjóflóð féll við Hrafshamar í Reykjarfirði og lokaði veginum.
53081	8.12.2015	3	Reykjarfjörður á Ströndum	Stórt snjóflóð féll á Kjörvogshlíð í Reykjarfirði og lokaði veginum.

Framhald á næstu síðu

Flóð	Dagsetning	Stærð	Farvegur	Lýsing
53074	8.12.2015	3	Reykjarfjörður á Ströndum	Stórt snjóflóð féll við Krók í Reykjarfirði og lokaði veginum.
53063	23.12.2015	3	Ólafsfjarðarvegur farv. 38	Stórt snjóflóð féll í farvegi 38 við Sauðanes og lokaði Ólafsfjarðarvegi.
53126	28.12.2015	2,5	Hrafnkelsdalur	Krapaflóð féll í árfarvegi Skænudalsár, um tveimur kílómetrum innan við Vaðbrekku í Hrafnkelsdal og lokaði veginum.
53113	28.12.2015	3	Hrafnkelsdalur	Krapahlaup féll á íbúðarhús á Aðalbóli í Hrafnkelsdal. Flóðið skall á íbúðarhúsinu og inn um þrjá glugga þess, eyðilagði bíl og geymslu áfasta húsinu. Sexhjóll barst með flóðinu nokkurn spöl og skall á rafmagnsstaur fyrir neðan húsið og skemmdist. Engin meiðsl urðu á fólki eða fénaði en einn maður var í húsinu þegar flóðið lenti á því.
53406	28.12.2015	1,5	Utanvert Hérað	Krapaflóð féll í Uppsalalæk sem stíflaði ræsi og flæddi yfir veginn.
53102	28.12.2015	2	Bæjarbrún, innanverð	Krapaflóð féll í læk í innanverðri Bæjarbrún. Flóðið var um 20–40 cm þykkt á vegi og hægt að aka yfir á fólksbíl.
53118	28.12.2015		Bjólfsöxl	Lítil aurskriða féll úr Bjólfsöxl. Skriðan féll yfir veg og hluti hennar endaði niðri fjöru.
53112	28.12.2015	2	Grjótá	Krapasöfnun uppi á Ófeigsfjalli virðist hafa valdið hlaupi í Grjótá og flæddi hún uppúr farvegi sínum við efri brúna í bænum og safnaðist um 70 cm þykkt aurlag á Strandgötu svo hún varð kolófær.
53172	1/2.2.2016	3	Ytri-Kirkjubólshlíð 11	Nokkuð stórt snjóflóð féll á Ytri-Kirkjubólshlíð í farvegi 11. Flóðið fór yfir veg og lokaði honum. Talsvert af grjóti barst með þessu flóði.
52467	3–5.2.2016	2,5	Arnarfjörður norðanverður	Eitt af fjórum flekaflóðum sem menn við rækjuveiðar tóku eftir í Arnarfirði. Flóðið féll í Reynihlíð, fór yfir veg og útí sjó. Vegurinn er lokaður yfir veturinn.
52474	3–5.2.2016	2,5	Arnarfjörður norðanverður	Eitt af fjórum flóðum sem menn við rækjuveiðar tóku eftir í Arnarfirði. Flóðið féll vestarlega í Reynihlíð, fór yfir veg og útí sjó. Vegurinn er lokaður yfir veturinn.
53234	3–5.2.2016	2,5	Arnarfjörður norðanverður	Eitt af fjórum flekaflóðum sem menn við rækjuveiðar tóku eftir í Arnarfirði. Flóðið féll vestast í Reynihlíð við dalsminni Gljúfurárdals, fór yfir veginn og útí sjó. Vegurinn er lokaður yfir veturinn.
53429	4/5.2.2016	1,5	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 4	Snjóflóð féll á Súðavíkurhlíð í farvegi 4 og lokaði veginum.
53171	4/5.2.2016	1,5	Hvalnesskriður	Snjóflóð féll í Hvalnesskriðum, yfir grjóthrunspil ofan vegar og lokaði veginum.
53177	4/5.2.2016	2,5	Innan flugstöðvar	Allstórt snjóflóð féll á Kirkjubólshlíð, yfir veginn að Funa og útí sjó. Snjóflóðið lokaði veginum.
53192	4/5.2.2016	3	Grýtubakkahreppur innan Dalsmynnis	Stórt snjóflóð féll yfir veg milli Laufáss og Áshóls og lokaði honum.
53203	4/5.2.2016	3	Gufudalssveit	Stórt snjóflóð féll sunnan við brúna á Djúpadalsá. Flóðið fór yfir veginn og lokaði honum.

Framhald á næstu síðu

Flóð	Dagsetning	Stærð	Farvegur	Lýsing
53215	4/5.2.2016	1,5	Raknadalshlíð	Nokkur lítil snjóflóð féllu á Raknadalshlíð og lokuðu veginum á átta stöðum.
53217	4/5.2.2016	2	Ósafjörður	Lítið snjóflóð féll rétt innan við Seljagil í Ósafirði. Flóðið fór yfir veg og lokaði honum.
53191	5.2.2016	2	Engidalur	Snjóflóð féll í Herkonugili og lokaði Siglufjarðarvegi.
53446	u.þ.b. 5.2.2016	3	Ytra-Sprengigil	Stórt flekaflóð féll í Ytra-Sprengigili í Skálavík. Eitt af sjö stórum flekaflóðum sem féllu í Skálavík, líklega 5. febrúar. Flóðið fór yfir veginn.
53447	u.þ.b. 5.2.2016	3	Milli Sprengigilja og Breiðabólsskálar	Stórt flekaflóð féll við Skriðholt í Skálavík. Flóðið náði langt niður á láglandið og yfir veginn úti Skálavík. Eitt af sjö stórum flekaflóðum sem féllu í Skálavík, líklega 5. febrúar.
53204	5.2.2016	1,5	Reykhólasveit	Snjóflóð féll rétt innan við Barma og útá veginn að Reykhólum. Flóð var lítið en lokaði veginum.
53211	5.2.2016	2	Mánárskriður	Snjóflóð féll sunnan til í Mánárhyrnu. Flóðið lokaði veginum
53213	5.2.2016	3	Ísafjörður í Ísafjarðardjúpi	Snjóflóð féll á veginn í Skötufirði og lokaði honum. Flóðið var nánast samfelt á veginum á um 700 m kafla. Talsvert af grjóti barst með flóðinu.
53420	5.2.2016	2,5	Raknadalshlíð	Myndarlegt snjóflóð féll á Raknadalshlíð eftir að veður gekk niður. Flóðið lokaði veginum.
53179	5.2.2016	2	Skarðsströnd	Fjögur snjóflóð féllu í Heinabergshlíð á Skarðsströnd milli bæjana Ytri-Fagradals og Nýpur. Flóðin lokuðu veginum.
53239	10.2.2016	2	Súgandafjörður, sunnanverður	Snjóflóð féll um 400 m utan við afleggjarann að Botni í Súgandafirði og yfir veginn.
53232	11–13.2.2016	3	Breiðhilla	Stórt snjóflóð féll í vestasta gilinu í Breiðhilla, vestan Núps í Dýrafirði. Flóðið fór yfir veg og langleiðina niður í fjöru.
53233	11–13.2.2016	2,5	Breiðhilla	Snjóflóð féll úr miðgilinu (Miðlandslækur) í Breiðhilla, vestan Núps í Dýrafirði og yfir veg.
53291	19.2.2016	1,5	Skötufjörður	Snjóflóð féll á Fossahlíð í Skötufirði og yfir veg.
53302	19.2.2016	2	Valþjófsdalur	Snjóflóð féll í Valþjófsdal í Önundarfirði og yfir veg.
53303	19.2.2016	2	Valþjófsdalur	Snjóflóð féll í Valþjófsdal í Önundarfirði og yfir veg.
53315	19.2.2016	1,5	Tröllaskagi	Snjóflóð féll í Almanningum og lokaði veginum.
53316	19.2.2016	1,5	Mánárskriður	Snjóflóð féll í Mánárskriðum og lokaði veginum.
53320	19.2.2016	2,5	Siglufjörður, utan þéttbýlis	Snjóflóð féll á Miðströnd og lokaði veginum.
53313	19.2.2016	1,5	Mánárskriður	Snjóflóð féll í Mánárskriðum í farvegi 3 og lokaði veginum.
53314	19.2.2016	1	Mánárskriður	Snjóflóð féll í Mánárskriðum og yfir Siglufjarðarveg.
53312	19.2.2016	2	Siglufjörður, norðvestanverður	Snjóflóð féll við gangamunna Strákaganga að vestan og lokaði veginum.

Framhald á næstu síðu

Flóð	Dagsetning	Stærð	Farvegur	Lýsing
53317	19.2.2016	2	Siglufjörður, norðvestanverður	Snjóflóð féll vestan við gangamunna Strákaganga og lokaði veginum.
53322	19/20.2.2016	1	Súgandafjörður sunnanverður	Litlir flekar skriðu úr hlíðinni sunnan við gangamunnann í Súgandafirði og lokuðu veginum. Greiðlega gekk að opna veginn.
53359	19/20.2.2016	3,5	Siglufjörður, norðvestanverður	Stórt snjóflóð féll á Siglufjarðarveg í vegagerðarfarvegi 8 og lokaði honum.
53336	20.2.2016	1,5	Landsendi	Margar spýjur féllu í Landsenda og niður á Siglufjarðarveg.
53422	20.2.2016	1,5	Miðstrandargil	Snjóflóð féll í Miðstrandargili og niður á veg þannig að hann lokaðist.
53321	20.2.2016	1,5	Súðavíkurhlíð, utan byggðarinnar	Snjóflóð féll á Súðavíkurhlíð og lokaði veginum.
53330	20.2.2016	2,5	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 19	Snjóflóð féll á Súðavíkurhlíð í farvegi 19 og lokaði veginum.
53361	20.2.2016	1,5	Siglufjörður, norðvestanverður	Fimm snjóflóð féllu milli vegagerðarfarvegs 8 og Sauðanesvita. Eitt flóðana við afleggjarann að Sauðanesvita fór yfir veg og var um 10–20 m breitt og 1–2 m þykkt á vegi.
53331	20.2.2016	2	Eyrarhlíð 10	Snjóflóð féll á Eyrarhlíð í farvegi 10 og yfir veg.
53350	20.2.2016	2	Ytri-Kirkjubólshlíð	Snjóflóð féll á Ytri-Kirkjubólshlíð og lokaði vegi.
53351	20.2.2016	2	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 15	Fyrri flóðið af tveimur sem féllu á Súðavíkurhlíð í farvegi 15 með stuttu millibili og lokaði vegi.
53353	20.2.2016	2	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 19	Snjóflóð féll á Súðavíkurhlíð í farvegi 19 og lokaði vegi.
53355	20.2.2016	2,5	Ytri-Kirkjubólshlíð 11	Snjóflóð féll á Ytri-Kirkjubólshlíð í farvegi 11 og lokaði vegi.
52729	20.2.2016	2	Ytri-Kirkjubólshlíð	Snjóflóð féll á Ytri-Kirkjubólshlíð og lokaði vegi.
52751	20.2.2016	2	Ytri-Kirkjubólshlíð	Snjóflóð féll á Ytri-Kirkjubólshlíð og lokaði vegi.
52756	20.2.2016	2	Ytri-Kirkjubólshlíð	Snjóflóð féll á Ytri-Kirkjubólshlíð og lokaði vegi.
53360	20.2.2016	1,5	Siglufjörður, norðvestanverður	Snjóflóð féll á Siglufjarðarveg vestan við Strákagöng og lokaði veginum.
53352	20/21.2.2016	2	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 15	Seinna flóðið af tveimur sem féllu á Súðavíkurhlíð í farvegi 15 með stuttu millibili og lokaði vegi.
53354	21.2.2016	2	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 20	Snjóflóð féll á Súðavíkurhlíð í farvegi 20 og lokaði vegi.
53358	21.2.2016	3,5	Miðströnd	Stórt snjóflóð féll á Miðströnd í farvegi 11 og lokaði Siglufjarðarvegi.
53405	26.2.2016	2	Hvalnes- og Þvottáskriður	Mörg snjóflóð féllu á veginn um Hvalnes- og Þvottáskriður. Rásin ofan við grjóthrunspilin voru full af snjó eftir snjóflóð fyrr í mánuðinum og því engin fyrirstaða fyrir flóðin sem fóru yfir veginn.

Framhald á næstu síðu

Flóð	Dagsetning	Stærð	Farvegur	Lýsing
53433	7.3.2016	2	Skarðströnd	Snjóflóð féll á Skarðsströnd við afleggjarann að bænum Heinabergi. Flóðið fór yfir Klofningsveg (590) og lokaði honum.
53441	10.3.2016		Hvalnes- og Þvottáskriður	Skriða féll á veginn um Hvalnes- og Þvottáskriðu og lokaði.
53463	13/14.3.2016	1,5	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 13	Krapaflóð féll á Súðavíkurhlíð í farvegi 13. Flóðið var mjög skítugt/blautt og þunnt í vegrás og á vegi.
53464	13/14.3.2016	1	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 18	Krapaflóð féll á Súðavíkurhlíð í farvegi 18. Flóðið var mjög skítugt/blautt og þunnt í vegrás og á vegi.
53465	13/14.3.2016	1	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 8	Krapaflóð féll á Súðavíkurhlíð í farvegi 8. Flóðið var mjög skítugt/blautt og þunnt í vegrás og á vegi.
53462	13/14.3.2016	1	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 7	Krapaflóð féll á Súðavíkurhlíð í farvegi 7. Flóðið var mjög skítugt/blautt og þunnt í vegrás og á vegi.
53475	13/14.3.2016	1	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 2	Krapaflóð féll á Súðavíkurhlíð í farvegi 2. Flóðið var mjög skítugt/blautt og þunnt í vegrás og á vegi.
53476	13/14.3.2016	1,5	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 10	Krapaflóð féll á Súðavíkurhlíð í farvegi 10. Flóðið var mjög skítugt/blautt og þunnt í vegrás og á vegi.
53477	13/14.3.2016	1	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 12	Krapaflóð féll á Súðavíkurhlíð í farvegi 12. Flóðið var mjög skítugt/blautt og þunnt í vegrás og á vegi.
53621	3.5.2016	2	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 18	Snjóflóð féll á Súðavíkurhlíð í farvegi 18 og lokaði veginum.

3.5 Snjóflóð af mannavöldum

Pennan vetur eru skráð 29 snjóflóð af mannavöldum. Tólf einstaklingar lentu flóðum og þar af slösuðust tveir en ekki alvarlega. Algengt er að upplýsingar um snjóflóð af mannavöldum berist inn á samfélagsmiðla eins og fésbókarhópa og er það orðið að fastri venju snjóflóðavaktar að fylgjast reglulega með þessum miðlum. Tafla 6 sýnir öll flóð af mannavöldum þennan vetur.

Tafla 6. Snjóflóð af mannavöldum veturinn 2015–2016. G: Göngumaður, S: Skíðamaður V: Vélsleði, T: Snjótroðari

Farvegur	Dags.	Nr.	Stærð/Orsök	Aðrar upplýsingar
Mosfellsbær	25.12.2015	53093	1,5 / G	Göngufólk setti af stað litla spýju sunnan megin í Úlfarsfelli.
Hengill	26.12.2015	53095	2 / S	Fjallaskíðamenn settu snjóflóð af stað í Henglinum þar sem gamla skíðasvæðið var staðsett. Tveir menn bárust um 200 m með flóðinu en slösuðust ekki.
Stafdalur, skíðasvæði	15.1.2016	53135	2,5 / T	Troðari setti af stað sæmilegasta flekaflóð á skíðasvæðinu í Stafdal.
Reykjavík og nærsveitir	30.1.2016	53170	2,5 / V	Vélsleði setti af stað flekaflóð í s.k. Hringleikahúsi á Lyngdalsheiði. Flóðið lenti á og gróf þrjá menn og þrjá sleða. Björguðust allir ómeiddir úr flóðinu og sleðar voru einnig heilir.
Mosfellsbær	7.2.2016	53218	1 / G	Spýja féll á gönguleiðina uppá Helgafell í Mosfellsbæ.
Langisjór	9.2.2016	53227	2,5 / V	Allstórt flekaflóð féll undan vélsleða í gili vestan við Eldgjá. Flekinn var þykkur og flóðtungan sömuleiðis þar sem hún stöðvaðist í botni gilsins. Enginn slasaðist í flóðinu en einn vélsleði grófst að hluta.
Skjaldbreiður	12.2.2016	53238	3 / V	Stórt snjóflóð féll austur af Skjaldbreið þegar vélsleðum var ekið um svæðið. Einn maður grófst en var bjargað.
Stafdalur, skíðasvæði	22.2.2016	53364	2,5 / T	Snjótroðari setti flekaflóð af stað á skíðasvæðinu í Stafdal, í bakkanum norðan við miðja lyftu.
Hengill	6.3.2016	53425	1,5 / V	Lítið flekaflóð féll í Henglinum þegar tveimur vélsleðum var ekið um svæðið. Annar sleðinn grófst að hluta en engin meiðsl urðu á fólki.
Suðurlands-undirlendið	25.3.2016	53481	1 / V	Smá spýjur féllu í vestanverðum fjöllunum á Lyngdalsheiði. Vélsleðamaður lenti í einu flóðanna en slapp ómeiddur.
Hlíðarfjall, skíðasvæði	25.3.2016	53482	2 / S	Flekahlaup féll í nýsnævi undan tveimur skíðamönnum efst í A-vísandi brekku við fjallsbrún Mannshryggs.
Skálafell	25.3.2016	53483	1 / S	Snjóbrettamaður setti af stað lítinn fleka norðanmegin í Skálafelli og barst með flóðinu um 50 m en sakaði ekki.
Skíðadalur	28.3.2016	53489	3 / S	Snjóflóð féll undan skíðamanni í NV-vísandi skál í Almenningsfjalli. Flóðið stöðvaðist uppi í skálinni.
Burstabrekkudalur	30.3.2016	53506	1,5 / S	Skíðamaður setti af stað lítið flekaflóð í gilbarmi í Burstabrekkudal.


Framhald á næstu síðu

Brimnesdalur	30.3.2016	53503	1,5 / S	Snjóbretta- og skíðafólk setti af stað lítið flekaflóð í skíðaleiðinni niður Múlakollu. Flóðið fór af stað í gili í miðri hlíðinni en engin lenti í flóðinu.
Hálshnjúkur	2.4.2016	53553	2 / V	Sleðamenn urðu vitni að votu snjóflóði falla úr Hálshnjúki ofan Vaglaskógar. Flóðið stoppaði ofan girðingar.
Seyðisfjörður, sunnanverður	3.4.2016	53559	2,5 / G	Gönguhópur setti af stað nokkuð stórt flekaflóð um 50 m vestan og ofan við sig á leið upp Króardalsskarð. Engin lenti í flóðinu en hópurinn snéri við sömu leið til baka.
Loðmundarfjörður	3.4.2016	53587	2 / V	Flekaflóð féll í Oddskarði milli Loðmundarfjarðar og Hraundals í vesturvísandi hlíð þegar vélsleða var ekið um svæðið. Vélsleðinn grófst að mestu og tjónaðist eitthvað en ökumaður sem var með uppblásanlegan bakpoka flaut ofaná flóðinu og slapp lítilliga lemstraður.
Skarðsdalur	1.5.2016	53618	1,5 / S	Skíðamaður setti af stað vott flekaflóð undir Grashólabrún í brekku með suðaustur viðhorf.
Glerárdalur	7.5.2016	53679	2 / S	Vindfleki brast í S-vísandi brekku í 35–40° halla í nágrenni við skíðasvæðið í Hlíðarfjalli.
Hörgárdalur, framdalur, vestanv.	7.5.2016	53680	2,5 / S	Um 100 m breitt flekahlaup féll í um 1100 m h.y.s. í SV-vísandi hlíð þegar skíðamaður renndi sér SA eftir fjallshrygg, SA af Eiríkshnjúki í Barkárdal.
Skarðsdalur	7.5.2016	53640	1,5 / S	Vott lausasnjóflóð féll undan skíðamönnum í Illviðrishnjúki.
Fífladalir og Skriðulækjargil	7/8.5.2016	53646	1 / S	Spýja féll undan skíðamanni sunnan Fífladala
Í Fjörðum	8.5.2016	53674	1,5 / V	Vélsleðamaður setti lítið snjóflóð af stað í Kinnafjöllum í Fjörðum.
Í Fjörðum	8.5.2016	53675	2,5 / V	Vélsleðamaður setti þokkalegasta snjóflóð af stað í Kinnafjöllum.
Arnfinnsfjall	8.5.2016	53668	3,5 / S	Skíðamenn stóðu á toppi Arnfinnsfjalls er hluti hengju gaf sig og tók með sér myndarlegt flekaflóð.
Seljalandshlíð	8.5.2016	53642	2 / S	Vott lausflóð fór af stað undan snjóbrettamanni í Karlsárgili í Skutulsfirði. Náði snjóbrettamaðurinn að koma sér undan lausflóðinu sem rann niður gilið og kom stærra flekaflóði af stað í kjölfarið.
Lágheiði, vestur	8.5.2016	53678	2,5 / V	Flekahlaup féll í SA-vísandi brekka í um 800 m hæð í Hreppsendadal. Margar sleðaslóðir lágu undir flóðið og því er það líklega af völdum vélsleða.
Seljalandsdalur	14.5.2016	53693	1,5 / V	Lítið vott flekaflóð féll utan Gullhólsgils. Ofan við flóðið voru för eftir vélsleða og talið mjög sennilegt að sleðinn hafi komið því af stað.


3.6 Snjódýptarmælingar

Snjódýpt er mæld í hlíðum ofan bæja þar sem snjóflóð geta ógnað byggð og hér fyrir neðan eru þrjú snjódýptarlínurit frá mismunandi svæðum sem gefa ágætis mynd af snjósöfnun vetrarins. Um er að ræða lóðréttu snjósöfnun sem lesin er af stikum sem komið er fyrir í hlíðum ofan bæjanna. Á Norðurlandi eru snjóstikur á Siglufirði og Ólafsfirði en vegna bilunar í skráningar-kerfi eru ekki til snjódýptargögn fyrir þessa staði veturinn 2015–2016. Þess í stað eru gögn fengin frá sjálfvirkum SM4 snjódýptarmæli á Hafnarfjalli við Siglufjörð. Snjór safnast á þennan mæli í norðlægum áttum og sérstaklega NV-átt. Í viðauka I eru línurit frá öllum þeim stöðum þar sem snjódýpt er lesin af stikum.


Snjólaust var til fjalla framan af hausti en þann 23. október gekk lægð yfir landið með norðlægum áttum og snjókomu á Vestfjörðum og Norðurlandi sem kemur vel fram á SM4 mælinum í Hafnarfjalli (mynd 2). Frá miðjum nóvember fram í seinni hluta desember voru norðlægar áttir ríkjandi með snjósöfnun til fjalla en í lok desember gerði asahláku á Austfjörðum sem kemur vel fram á nánast öllum snjóstikum. Lítil snjósöfnun mældist í janúar en í febrúar og fyrri hluta mars bætti nokkuð á snjó og náði snjódýpt hámarki á flestum stikum í lok febrúar og fram í mars. Mars mánuður var annars nokkuð hlýr og snjódýpt minnkaði á mörgum stikum í lok mars. Vorhret gerði í byrjun maí með snjókomu á norðanverðum Vestfjörðum og Norðurlandi. Þetta hret kemur mjög vel fram á SM4 mælinum á Hafnarfjalli en einnig ágætlega á stikum við Bolungarvík (sjá Viðauka I)



Mynd 1. Snjódýpt í Seljalandshlíð veturinn 2015–2016. Hæð stika ofan sjávarmáls er tilgreind aftan við stikunafn.



Mynd 2. Snjódýpt á sjálfvirka SM4 mælinum í Hafnarfjalli ofan Siglufjarðar. Hafa ber í huga að neðsti skynjarinn á þessum mæli er í rúmlega 60 cm hæð og því mælir hann ekki snjódýpt minni en 60 cm.



Mynd 3. Snjódýpt í Bjölfinum ofan Seyðisfjarðar. Hæð stika er tilgreind aftan við stikunafn.

4. Helstu snjóflóð vetrarins

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir nokkrum markverðum flóðum vetrarins. Margir ólíkir þættir eru skoðaðir til að meta hvort flóð telst markvert. Flóð sem valda tjóni teljast alltaf markverð. Stórt snjóflóð þarf hinsvegar ekki endilega að teljast markvert ef það fellur í þekktum snjóflóðafarvegi þar sem stór snjóflóð eru tíð. Snjóflóð sem fellur á óvenjulegum stað gæti hinsvegar talist markvert þó að það sé ekki stórt. Hverju flóði fylgir kort sem sýnir útlínur eða staðsetningu flóðsins ef útlínur eru ekki til.

- Útlínur snjóflóða mældar
- Útlínur snjóflóða öruggar
- - - Útlínur snjóflóða óvissar
- - - - Útlínur snjóflóða ónákvæmar


Mynd 4. Mismunandi nákvæmni á útlínum snjóflóða.

Veðuraðdragandi snjóflóðanna var skoðaður eins og hann mældist á sjálfvirkum veðurstöðvum. Fyrir hvert flóð eru línurit sem sýna hitastig, uppsafnaða úrkomu, vindhraða og vindátt dagana áður en flóðið féll. Valdar voru veðurstöðvar sem voru næstar umræddum flóðum til þess að fá sem besta mynd af veðuraðdragandanum. Veðurstöðvarnar gefa þó aðeins vísbendingar um veðrið á þeim stað þar sem snjóflóðið féll vegna áhrifa frá landslagi, fjarlægð veðurstöðva frá viðkomandi flóði o.fl.þátta. Fjalllendi hefur mikil áhrif á vindstyrk og vindátt og þess vegna eru þessir veðurþættir oft sóttir í veðurstöðvar sem eru á fjallstoppi en geta verið í talsverðri fjarlægð frá flóðinu. Landslag og fjöll hafa einnig mikil áhrif á úrkomu og má gera ráð fyrir að úrkoma hafi verið talsvert meiri á upptakasvæðum flóðanna en línuritin sýna. Ef nákvæm tímasetning er til fyrir tiltekið flóð er það teiknað sem græn lóðrétt lína. Ef nákvæm tímasetning er ekki til, er tímabilið sýnt sem grænt bil.

4.1 Aðalból í Hrafnkelsdal, 28. desember

Númer	53113	Tegund	Krapaflóð	Stöðvunarst.	420 m
Dags	28.12.2015	Stærð	3	Þykkt tungu	0,8 m
Tími	13:15	Upptök	710 m	Breidd tungu	50 m

Krapahlaup féll á íbúðarhúsið á Aðalbóli í Hrafnkelsdal. Upptök flóðsins voru í um 700 m hæð í lækjarfarvegi ofan bæjarins og var greinilegt brotstál eftir öllum gilbarminum. Breidd upptakanna voru 10–17 m og meðalþykkt 1 m en mesta þykkt 2 m. Flóðið féll niður á tún um 100 m niður fyrir íbúðarhúsið en jaðar þess stöðvaðist að hluta á húsinu.




Flóðið skall á íbúðarhúsinu með þeim afleiðingum að klæðning hússins dældaðist og geymsla sem var áföst húsinu að ofanverðu eyðilagðist. Þrjár rúður brotnuðu í

gluggum að ofanverðu og innsti glugginn fór inn í heilu lagi. Flóðið fór inn um þessa þrjá glugga, inn í svefnherbergi, baðherbergi og gang og hlaust nokkuð tjón á innanstokksmunum. Bifreið sem stóð fyrir ofan húsið geryðilagðist og sexhjól sömuleiðis sem barst með flóðinu nokkurn spöl og skall á rafmagnsstaur fyrir neðan húsið. Engin meiðsl urðu á fólki eða fénaði en einn maður var í húsinu þegar flóðið lenti á því. Ábúandi á Aðalbóli var tepptur í fjárhúsum um 4 km innar í dalnum vegna vatnavaxta.

Veðuraðdragandi

Úrhellisrigning hafði verið víða á Austurlandi í um sólarhring áður en flóðið féll. Í Neskaupstað mældist rúmlega 150 mm úrkoma á 29 klst og þar var ákefðin mest 16 mm/klst. Á Seyðisfirði, Dalatanga og Eskifirði mældist sólarhringsúrkoma allsstaðar yfir 100 mm. Innar í landinu var úrkoma minni eða 60–70 mm á Egilsstöðum og Hallormsstað. Á veðurstöðinni Brú á Jökuldal sem er næsta veðurstöð við Aðalból mældist um 50 mm sólarhrings úrkoma og rúmlega 5°C þegar flóðið féll.



Mynd 5. Veðuraðdragandi krapaflóðsins sem féll á Aðalból í Hrafnkelsdal. Línuritinn sýna hitastig, úrkomu og vind á Brú á Jökuldal.

Myndir af flóðinu við Aðalból í Hrafnkelsdal



Mynd 6. Krapaflóðið sem féll á Aðalból í Hrafnkelsdal.




Mynd 7. Bifreið og skemma ofan við íbúðarhúsið á Aðalbóli geryðilögðust.

4.2 Bjólfur við Seyðisfirði, 13/14. janúar



Númer	53151	Tegund	Þurrt flekaflóð	Stöðvunarst.	650 m
Dags	13/14.1.2016	Stærð	3,5	Þykkt tungu	1,5 m
Tími	Óþekktur	Upptök	850 m	Breidd tungu	100 m

Stórt snjóflóð féll í Bjólfinum ofan við varnargarðinn uppá Fornastekk. Flóðið sást fyrst þegar snjóathugunarmaður Veðurstofunnar var í könnunarferð þann 15. febrúar og var svo myndað og mælt þann 20. þegar skyggni var betra. Upptök flóðsins voru í um 850 m hæð og sást í greinilegt 250 m breitt brotstál undir klettabeltinu. Meginmassi flóðsins stöðvaðist á garðinum á um 70 m löngum kafla en kögglar köstuðust um 30 m yfir hann. Þykkt tungunnar var áætluð um 2–3 m nærri garðinum þar sem hún var þykkust. Er þetta í þriðja sinn svo vitað sé sem flóð fellur á garðinn en það gerðist líka í apríl 2006 og febrúar 2008. Köggladreifin ofan á garðinum var ekki eins mikil og í flóðinu 2006 en mun meiri en í flóðinu 2008.



Veðuraðdragandi

Ríkjandi norðanátt með snjókomu var í tvo sólarhringa áður flóðið féll. Vindur var ekki mjög mikill á Fjarðarheiði en kalt og ekki ólíklegt að einhver skafrenningur hafi einnig verið til fjalla.



Mynd 8. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Bjólfinum í janúar. Línuritinn sýna úrkomu á Seyðisfirði og vind á Fjarðarheiði. Lofthiti er fengið frá Fjarðarheiði til að fá betri mynd af aðstæðum þar sem flóðið féll.

Myndir af flóðinu ofan við varnargarðinn í Bjólfinum við Seyðisfjörð



Mynd 9. Horft af varnargarðinum í Bjólfinum og yfir flóðtunguna.



Mynd 10. Varnargarðurinn í Bjólfinum og ummerki flóðsins sem kastaðist yfir garðinn á um 70 metra kafla

4.3 Tungufell í Tálknafirði, 5. febrúar


Númer	53199	Tegund	Þurrt flekaflóð	Stöðvunarst.	45 m
Dags	2.5.2016	Stærð	2,5	Þykkt tungu	0,5 m
Tími	17:30	Upptök	150 m	Breidd tungu	130 m

Flekaflóð féll úr Tungufelli ofan byggðarinnar í Tálknafirði. Er þetta stærsta flóð sem vitað er um í þessum farvegi en tvö flóð til viðbótar eru skráð í gagnagrunn Veðurstofunnar, annað frá 2006 og hitt 2015. Allur brattasti hluti hlíðarinnar hljóp fram en upptök flóðsins voru í um 150 m hæð og mátti sjá samfelld 110 m breitt brotstál eftir allri brún Tungufells. Flóðið stöðvaðist um 115 m frá efstu húsum og var meðalþykkt á flóðtungunni um hálfur metri. Snjóathugunarmaður á Tálknafirði heyrði í flóðinu falla um kl. 17:30 þegar veðrið gekk niður og stytta upp.



Veðuraðdragandi

ANA stormur gekk yfir Vestfirði 4–5. febrúar. Ofsveður var á Hálfðán aðfaranótt þess 5. og þar fór vindur yfir 30 m/s um tíma. Hiti sveiflaðist í kringum frostmark á Tálknafirði og þar mældist um 20 mm sólarhrings úrkoma. Samfelld ANA-átt var einnig í nokkra daga áður en stormurinn gekk yfir.



Mynd 11. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Tungufelli við Tálknafjörð. Línuritinn sýna hitastig og úrkomu á Tálknafirði og vind á Hálfðán.

Myndir af flóðinu í Tungufelli við Tálknafjörð



Mynd 12. Snjóflóðið í Tungufelli við Tálknafjörð séð frá Hrafnaldalsvegi við Hólsá.




Mynd 13. Brotstál snjóflóðsins í Tungufelli við Tálknafjörð

4.4 Laufás í Eyjafirði, 4/5. febrúar

Númer	53192	Tegund	Þurrt flekaflóð	Stöðvunarst.	20 m
Dags	5.2.2016	Stærð	3	Þykkt tungu	0,6 m
Tími	Aðfaranótt	Upptök	65 m	Breidd tungu	150 m

Stórt snjóflóð féll úr lágri en brattri hlíð milli Laufáss og Áshóls í Höfðahverfi. Flóðið fór yfir veginn þannig að hann lokaðist og féll einnig á Laufáskirkju en olli engum skemmdum á kirkjunni. Stálkrossar og stálgirðingar bognuðu í kirkjugarðinum, trjágróður laskaðist og nokkrar skemmdir urðu á leiðum. Bílastæðaskilti rifnaði upp og fjárgirðing ofan við Grenivíkurveg brotnaði.




Flóðið var efnismikið þó svo að upptökin væru í aðeins 65 m hæð. Brotstálið var um 180 m breitt og um 120–160 cm þykkt.

Nyrsti hluti brotstálsins náði um 50 m norður fyrir kirkjuna og talsvert af sprungum voru í snjónum bæði til norðurs og suðurs og fyrir ofan brotstálið. Mesta þykkt tungunnar var um 2 m og náði hún upp á spegla veghefils sem mokaði í gegnum flóðið. Stórir flóðköggjar voru í brekkunni fyrir ofan veginn, allt upp í 1,5 m á kant. Staðkunnir heimamenn töldu óvenjulegt hve norðarlega flóðið náði og að líkleg skýring á því væri hve austanstæður vindur var daginn áður en flóðið féll.

Veðuraðdragandi

Gögn frá veðurstöðinni í Grímsey sýna að vindur óx jafnt og þétt þann 4.2 og var allan tímann háaustan. Vindur náði hámarki um miðnætti og datt svo niður í norðan hægvirðri um nóttina. Á mönnuðu veðurstöðinni á Þverá í Dalsmynni mældist 14.5 mm sólarhrings úrkoma en heldur minni á sjálfvirku veðurstöðinni á Akureyri. Úrkoman virðist hafa komið öll á stuttum tíma seinni hluta þess 4.2. fram á morgun þann 5.2



Mynd 14. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Laufási. Linuritin sýna hitastig og úrkomu á sjálfvirku veðurstöðinni á Akureyri og vind í Grímsey.

Myndir af flóðinu við Laufási í Eyjafirði



Mynd 15. Snjóflóðið við Laufás séð úr hliðinni ofan Laufáskirkju. Búið er að ryðja í gegnum flóðið en flóðköggarnir og flóðtungan í kirkjugarðinum sjást ágætlega.




Mynd 16. Flóðið féll yfir Grenivíkurveg og var nokkuð þykkt á veginum.

4.5 Skriðutindar 12. febrúar

Númer	53238	Tegund	Þurrt flekaflóð	Stöðvunarst.	700 m
Dags	12.2.2016	Stærð	3	Þykkt tungu	2,5 m
Tími	12:00	Upptök	960 m	Breidd tungu	80 m


Stórt snjóflóð féll innst í Litla-Skriðukróki suðaustur af Skjaldbreið, þegar vélsleðum var ekið um svæðið og lenti einn maður ásamt vélsleða í flóðinu. Flóðið fór af stað milli tveggja kletta upp undir fjallsbrún þegar maðurinn var kominn hátt upp í brekkuna. Barst hann ásamt vélsleðanum niður með flóðinu en náði að hanga á honum langleiðina. Sleðinn valt að lokum og fór á kaf en maðurinn náði að blása út loftpúðapoka sem hann hafði á bakinu. Annað skíði sleðans stóð aðeins upp úr flóðinu og maðurinn endaði á grúfu með fæturna undir sleðanum.



Snjór pakkaðist inní hjálm mannsins en hann náði að hreinsa frá vitum með annarri hendi. Allt annað var pikkfast í snjónum. Allir í hópnum voru með ýla og þurfti að nota ýlaleit til að staðsetja manninn, því loftpúðarnir sáu ekki í grófri og öldóttri flóðtungunni. Brotstálið var breitt og þykkt efst og svo þrengdist flóðið niður gilið. Eftir að giliinu sleppti víkkaði flóðið aftur en að lokum var lítið gil neðst þar sem flóðasnjórinn safnaðist og var nokkuð þykkur.

Veðuraðdragandi

Þegar veðurgögn eru skoðuð er athyglisvert að sjá að lítil sem engin úrkoma mældist á svæðinu í meira en viku áður en flóðið féll. Dagana 4–5. febrúar var hinsvegar austan stormur á landinu með talsverðri snjósöfnun og mældist þá rúmlega 15 mm úrkoma á Þingvöllum. Við tók fremur kalt veður og stöku él en þann 9. febrúar var nokkuð hvöss norðanátt en úrkomulaust og þá gæti hafa skafið í upptaksvæði flóðsins. Daginn sem flóðið féll var blíðskapar veður og hörkufrost. Það virðist því hafa verið viðvarandi veikleiki í snjónum og ekki ósennilegt að hár hitastigull og kantaðir kristallar hafi stuðlað að þessum veikleika.



Mynd 17. Veðuraðdragandi snjóflóðsins við Skriðutinda. Línuritinn sýna hitastig og úrkomu á Þingvöllum og vind á Skálafelli.

Myndir af flóðinu í Skriðutindum 12. febrúar



Mynd 18. Horft upp eftir flóðinu í Skriðutindum. Mynd: Gunnar Sigurðsson




Mynd 19. Ökumaður vélsleðans slapp ómeiddur úr flóðinu í Skriðutindum. Mynd: Gunnar Sigurðsson

4.6 Búðargil við Bíldudal 13. mars


Númer	53459	Tegund	Krapaflóð	Stöðvunarst.	20 m
Dags	13.3.2016	Stærð	2,5	Þykkt tungu	Óskráð
Tími	16:40	Upptök	400 m	Breidd tungu	37 m

Krapaflóð féll í Búðargili á Bíldudal og flæddi niður eftir lækjarfarveginum sem liggur meðfram varnargarðinum og áfram yfir Lönguhlíð. Skömmu áður féllu krapaflóð í Klofagili (53460) og Innsta-Milligili (53461) sem stöðvuðust um 60 m ofan við efstu hús. Varnargarður ver nú alla byggð fyrir flóðum úr Búðargili en nokkur gömul hús, sem engin búseta er í, eru enn í farveginum og óvarin. Flóðið úr Búðargili lenti á einu þessara húsa, Höfðabrún, og sáust ummerki upp undir þakskegg á húsinu. Flóðið rann ekkert upp á varnargarðinn heldur hélt sig í miðjum lækjarfarveginum alla leið frá gilkaftinum niður að veginum. Farvegurinn meðfram garðinum tæmdist nokkurn veginn alveg en krapinn safnaðist upp í neðstu 100 metrum flóðtungunnar og var áætlað rúmmál hennar um 2200 m³.



Veðuraðdragandi

Suðlægar áttir og rigning voru ríkjandi dagana áður en flóðið féll. Daginn sem flóðið féll mældist um 30 mm úrkoma á 12 klst á Bíldudal og 8 stiga hiti. Vindur var úr hásuðri um 20 m/sek og 45 m/sek í hviðum.



Mynd 20. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Búðargili á Bíldudal. Línuritin sýna hitastig og úrkomu á Bíldudal og vind á Hálfván.

Myndir af flóðinu úr Búðargili á Bíldudal 13. mars



Mynd 21. Krapaflóðið í Búðargili fór yfir Lönguhlíð og á húsið Höfðabrún. Engin búseta er í húsinu sem er óvarið fyrir flóðum úr Búðargili.




Mynd 22. Krapaflóðið í Búðargili flæddi eftir lækjarfarveginum og náði ekkert uppá varnargarðinn.

4.7 Króardalsskarð við Seyðisfjörð, 3. apríl


Númer	53559	Tegund	Þurrt flekaflóð	Stöðvunarst.	550 m
Dags	3.4.2016	Stærð	2,5	Þykkt tungu	1,5 m
Tími	12:00	Upptök	820 m	Breidd tungu	180 m

Gönguhópur setti nokkuð stórt flekaflóð af stað um 50 m vestan og ofan við sig á leið upp Króardalsskarð, milli Seyðisfjarðar og Mjóafjarðar. Efsti hluti brotstálsins var við lítinn klett rétt fyrir neðan stall í brekkunni þar sem brattinn eykst. Brotstálið lækkaði til beggja átta og var sprunga í snjónum út frá brotstálinu til austurs og beint yfir gönguhópnum. Hópurinn fylgdi hefðbundinni leið sem liggur upp brekkuna eftir gamalli háspennulínu og áleiðis yfir Króardalsskarð. Enginn lenti í flóðinu og snéri fólkið við sömu leið. Leiðsögumaður hafði tekið gryfju fyrir neðan brekkuna og séð veikleika á litlu dýpi sem fór við fyrsta högg. Líklega hefur þessi sami veikleiki verið á meira dýpi ofar í brekkunni.



Veðuraðdragandi

Dagana 1–2. apríl mældist rúmlega 70 mm sólarhrings úrkoma á Seyðisfirði í austanátt sem hefur öll komið sem snjór því nokkuð frost var á Gagnheiði á þessum tíma. Talsvert frost og hægur vindur var einnig dagana áður og getur verið að hrím eða kantaðir kristallar hafi myndast á yfirborðinu sem hefur síðan grafist undir nýja snjónum 1–2. apríl. Gönguhópurinn setti flóðið af stað rúmum sólarhring síðar.



Mynd 23. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Króardalsskarði. Línuritinn sýna vind á Gagnheiði og úrkomu á Seyðisfirði. Lofthiti er fenginn frá Gagnheiði til að fá betri mynd af aðstæðum þar sem flóðið féll.

Myndir af flóðinu í Króardalsskarði 3. apríl



Mynd 24. Snjóflóðið í Króardalsskarði. Hópurinn gekk upp eftir hrygg í landslaginu og sjást förin greinilega á myndinni. Flóðið fór af stað í hvíltinni innan og ofan við hópinn þegar hann átti skammt eftir uppá stall í hlíðinni. Mynd: Skúli Magnús Júlíusson



Mynd 25. Snjóflóðið í Króardalsskarði sást vel frá þjóðveginum til Seyðisfjarðar.

Heimildir

Ofanflóðagagnasafn Veðurstofu Íslands.

Bloggsíða snjóflóðavaktar VÍ: <http://blog.vedur.is/snjoflod/>

Trausti Jónsson (2016). Tíðarfarsyfirlit 2015 og 2016. Sótt 25.9.2016 af

<http://www.vedur.is/vedur/vedurfar/manadayfirlit/2015>

<http://www.vedur.is/vedur/vedurfar/manadayfirlit/2016>







Fréttavefur RÚV: <http://www.ruv.is/frett/fann-dauda-hreindyrhjard-i-vopnafirdi>

Fréttavefur RÚV: <http://www.ruv.is/frett/nadhusid-stendur-ekki-undir-nafni>


Snjóflóðatilkynningar: <https://www.facebook.com/groups/129168050599372/>

Viðauki I. Snjódýptarmælingar


Línrit fyrir allar snjódýptarmælingar sem lesnar voru af stikum veturinn 2015–2016.




Ólafsfjörður 2015/2016




Seyðisfjörður - Bjölfur fjæraþugun 2015/2016




Seyðisfjörður - Bjölfur nærathugun 2015/2016




Seyðisfjörður - Botnar/Strandartindur 2015/2016







Neskaupstaður - Bakkagil 2015/2016



Neskaupstaður - Bræðslugjár 2015/2016





Viðauki II. Skráð snjóflóð veturinn 2015–2016

Skýringar við annál

Annállinn inniheldur öll snjóflóð sem voru skráð í gagnagrunn Veðurstofunnar veturinn 2015–2016. Í annálnum er að finna nokkrar helstu breytur úr gagnagrunninum og eru þær útskýrðar nánar hér.

Farvegur: Öll flóð eru skráð í fyrirfram skilgreinda farvegi.

Dagsetning: Oftast er um nákvæma dagsetningu að ræða en stundum er ekki vitað nákvæmlega hvenær flóðið féll og er þá líklegasta tímabilið skráð.

Númer: Öllum flóðum er gefið auðkennisnúmer.

Tegund: S=ótilgreind tegund snjóflóðs; L=lausasnjóflóð; F=flekaflóð; K=krapaflóð; Ef stafirnir „F“ og „L“ hafa lágvísinn „v“ (t.d. „Fv“) þá er um vott flóð að ræða, annars þurrt.

Stærð: Snjóflóð eru flokkuð í stærðir með hliðsjón af kanadíska flokkunarkerfinu. Stærðarflokkarnir eru frá 1–5. Stærri flóð en 4 eru mjög sjaldgæf.

Lengd/breidd/dýpi: Lárétt lengd flóðsins frá upptökum til stöðvunarpunkts, meðalbreidd tungu og meðaldýpi í tungu (táknað „Le/Br/Dp“ í töfluhátt og gefið upp í metrum).

Skráð ofanflóð veturinn 2015/2016

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ staerð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Reykjavík og nærsveitir					
Mosfellsbær	25.12.2015	53093	F/1.5		Göngufólk setti af stað litla spýju sunnan megin í Úlfarsfelli.
Hengill	26.12.2015	53095	F/2	-/10/0.8	Fjallaskíðamenn settu snjóflóð af stað í Henglinum þar sem gamla skíðasvæðið var staðsett. Tveir menn bárust um 200 m með flóðinu en slösuðust ekki.
Sólskinsbrekkan, frá Kóngi suður fyrir æfingarbakka	28.12.2015	53099	Fv/2	-/150/1	Snjóflóð féll milli Tvíburalyftu og Gosans í Bláfjöllum.
Reykjavík og nærsveitir	30.1.2016	53170	F/2.5	-/80/1	Vélsleiði setti af stað flekaflóð í s.k. Hringleikahúsi á Lyngdalsheiði. Flóðið lenti á og gróf þrjá menn og þrjá sleða. Þjörguðust allir ómeiddir úr flóðinu og sleðar voru einnig heilir.
Helgafell	5.2.2016	53183	Fv/1.5	-/70/0.5	Snjóflóð féll í sunnanverðu Helgafelli í Mosfellsbæ. Flóðið átti upptök í hlífðinni milli húsanna Helgafell 1 og 2 og náði flóðið rétt niður fyrir girðingu.
Mosfellsbær	7.2.2016	53218	F/1		Spýja féll á gönguleiðina uppá Helgafell í Mosfellsbæ.
Esja	10/11.2.2016	53237	F/2		Snjóflóð féll í gili fyrir ofan stórbýlið Vallá á Kjalarnesi.
Esja	12.2.2016	53256	F/1		Spýja féll upp af vigtarplani Vegagerðarinnar á Kjalarnesi, rétt sunnan við minni Blikkdals.
Esja	11/12.2.2016	53255	L/1		Spýja féll upp af vigtarplani Vegagerðarinnar á Kjalarnesi, rétt sunnan við minni Blikkdals.
Esja	11/12.2.2016	53254	F/1	-/50/-	Spýja féll upp af vigtarplani Vegagerðarinnar á Kjalarnesi, rétt sunnan við minni Blikkdals.
Bláfjöll, utan skíðasvæðis	11/12.2.2016	53241	F/1		Nokkrar spýjur féllu í fjallgarðinum norðan við Bláfjöll í vesturhlífðum.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Úlfarsfell, norður	18–22.2.2016	53398	F/2		Hengja brast í norðanverðu Úlfarsfelli og reif með sér snjóflóð sem fór niður alla hlíðina og niður fyrir efstu trén.
Hengill	6.3.2016	53425	F/1.5		Lítið flekaflóð féll í Henglinum þegar tveimur vélsleðum var ekið um svæðið. Annar sleðinn grófst að hluta en engin meißl urðu á fólki.
Skálafell	25.3.2016	53483	F/1	50/20/0.3	Snjóbrettamaður setti af stað lítinn fleka norðanmegin í Skálafelli og barst með flóðinu um 50 m en sakaði ekki.
Bláfjöll - skíðasvæði	3.4.2016	53577	Fv/2	–/360/–	Vott flekaflóð féll á Suðursvæðinu í Bláfjöllum.
Bláfjöll - skíðasvæði	8.4.2016	53588	Fv/1.5	–/360/–	Nokkuð breitt og vott flekaflóð féll í Eldborgargili í Bláfjöllum.
Borgarfjörður					
Skarðsheiði	11–13.4.2016	53583	F/2.5		Flekaflóð féll í niðurgöngugilinu í Skarðshorni.
Skarðsheiði	11–13.3.2016	53582	F/3	–/220/–	Stórt flekaflóð féll úr kverkinni syðst í hryggnum suður af Skessuhorni.
Skarðsheiði	11–13.3.2016	53585	F/2.5	–/300/–	Flekaflóð féll í norðurhlíð Skarðshorns.
Skarðsheiði	24–26.4.2016	53584	Fv/3		Stórt vott flekaflóð féll úr stóru skálinni vestan Skarðshorns sem snýr til norðurs. Fremsta tungan slitnaði frá og rann um 50–100 m lengra en megin tungan.
Dalásýsla					
Skarðströnd	4/5.2.2016	53202	F/2		Snjóflóð féll á Heinabergshlíð/Ballárhlið við Reynikeldu, sem er algengur snjóflóðastaður. Það fór yfir veg en var ekki mjög þykkt.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Skarðströnd	05.02.2016	53179	F/2		Fjögur snjóflóð féllu í Heinabergshlíð á Skarðsströnd milli bæjana Ytri-Fagradals og Nýpur. Flóðin lokuðu veginum.
Skarðströnd	7.3.2016	53433	F/2	- / 20 ^v / 1.5 ^v	Snjóflóð féll á Skarðsströnd við afleggjarann að bænum Heinabergi. Flóðið fór yfir Klofningsveg (590) og lokaði honum.
Reykhólasveit					
Reykhólasveit	5.2.2016	53204	F/1.5	- / 15 / 0.5	Snjóflóð féll rétt innan við Barma og út á veginn að Reykhólum. Flóð var lítið en lokaði veginum.
Barðaströnd					
Gufudalssveit	4/5.2.2016	53203	F/3	- / 170 / 1	Stórt snjóflóð féll sunnan við brúna á Djúpadalsá. Flóðið fór yfir veginn og lokaði honum.
Patreksfjörður					
Vatneyri	1.12.2015	52999	F/1	- / 5 / 0.2	Fjórar spýjur féllu í Brellum.
Vatneyri	8.12.2015	53020	Fv/2		Tvö lítil flekaflóð féllu úr skálinni ofan Vatneyrar.
Vatneyri	8.12.2015	53021	Fv/2		Lítið snjóflóð féll yfir Hólum á Vatneyri.
Vatneyri	8.12.2015	53022	Fv/2.5	- / 30 / -	Vott flekaflóð féll fyrir ofan gamla varnargarðinn á Vatneyri.
Vatneyri	31.12-2.1.2016	53129	L/1	- / 3 / 0	Mörg lítil lausasnjóflóð féllu úr skálinni ofan Vatneyrar.
Miklidalur	1/2.2.2016	53182	F/1		Spýja féll í Miklidal.
Vatneyri	1/2.2.2016	53181	L/1.5	- / 5 / -	Nokkur lítil snjóflóð féllu á Vatneyri.
Vatneyri	4/5.2.2016	53207	F/2.5	- / 330 / 0.46	Snjóflóð féll á Vatneyri. Nokkrar tungur sáu á um 300 m breiðum kafla sem líklega hafa fallið sem eitt flóð. Örmjó og þunn tunga fór yfir Urðargötu.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Miklidalur	4/5.2.2016	53209	F/1.5	-/10/0.5	Lítið snjóflóð féll ofan við skógræktina í Miklidal.
Geirseyrargil	4/5.2.2016	53208	F/2.5	-/60/0.5	Óvenju stórt snjóflóð féll úr Geirseyrargili og stöðvaðist um 70 m fyrir ofan efstu hús. Flóðið færði tvo margra tonna steina nokkum spöl niður keiluna.
Vatneyri	15.2.2016	53251	Lv/1		Margar spýjur féllu í innri hluta skálarinnar á Vatneyri.
Patreksfjörður, utan þéttbýlis					
Raknadalshlíð	8.12.2015	53060	Fv/2	-/30/0.5	Lítið flóð féll á Raknadalshlíð sem stöðvast langt fyrir ofan veginn.
Flöskuhlíð	8.12.2015	53048	Fv/2	-/15/0.5	Vott snjóflóð féll ofan við skógræktina í Flöskuhlíð.
Raknadalshlíð	4/5.2.2016	53421	F/2	-/80/0.4	Lítið snjóflóð féll utan við Stapana sem náði út á veg en lokaði honum ekki.
Ósafjörður	4/5.2.2016	53217	F/2	-/20/1	Lítið snjóflóð féll rétt innan við Seljagil í Ósafriði. Flóðið fór yfir veg og lokaði honum.
Raknadalshlíð	4/5.2.2016	53215	F/1.5	-/15/-	Nokkur lítil snjóflóð féllu á Raknadalshlíð og lokuðu veginum á átta stöðum.
Flöskuhlíð	4/5.2.2016	53210	F/2	-/50/-	Snjóflóð féll á Flöskuhlíð um 0,5 km innan við Dagsmálagil.
Raknadalshlíð	5.2.2016	53420	F/2.5	-/30/1.5	Myndarlegt snjóflóð féll á Raknadalshlíð eftir að veður gekk niður. Flóðið lokaði veginum.
Flöskuhlíð	5/6.2.2016	53216	F/2	-/250/-	Snjóflóð féll úr Flöskuhlíðarhorni sem stöðvaðist rétt ofan raflínu.
Ósafjörður	7-9.3.2016	53440	Fv/2		Um tíu spýjur féllu utarlega á Skápadalshlíð.
Raknadalshlíð	7-9.3.2016	53439	Fv/1.5	-/5/0.4	Tvö lítil snjóflóð féllu á Raknadalshlíð og stöðvuðust í vatnsrásinni ofan vegar.
Táknafjörður					

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Tungufell	5.2.2016	53199	F/2.5	-/130/0.5	Óvenju stórt flóð féll í Tungufelli við Tálknafjörð. Upptök flóðsins voru í um 150 m hæð og mátti sjá samfellt 110 m breitt brotstál eftir allri brún Tungufells. Snjóathugunarmaður á Tálknafirði heyrði í flóðinu falla um kl. 17:30 um leið og fór að stytta upp. Flóðið stöðvaðist um 150 m frá efstu húsum en ekkert tjón varð.
Arnarfjörður					
Arnarfjörður norðanverður	3-5.2.2016	53234	F/2.5		Menn við rækjuveiðar tilkynntu um fjögur snjóflóð í Arnarfirði. Þetta er eitt þeirra en það féll vestast í Reynihlíð, við dalsminni Gjúfurárdals skammt vestur af Hrafnseyri og fór yfir Vestfjarðarveg og úti sjó. Vegurinn er lokaður yfir veturinn. Eitt af fjórum flekafloðum sem menn við rækjuveiðar tóku eftir í Arnarfirði. Flóðið féll vestast í Reynihlíð við dalsminni Gjúfurárdals, fór yfir veginn og úti sjó. Vegurinn er lokaður yfir veturinn.
Arnarfjörður norðanverður	3-5.2.2016	52474	F/2.5		Menn við rækjuveiðar tilkynntu um fjögur snjóflóð í Arnarfirði. Þetta er eitt þeirra en það féll vestarlega í Reynihlíð, skammt vestur af Hrafnseyri og fór yfir Vestfjarðarveg og úti sjó. Vegurinn er lokaður yfir veturinn. Eitt af fjórum flóðum sem menn við rækjuveiðar tóku eftir í Arnarfirði. Flóðið féll vestarlega í Reynihlíð, fór yfir veg og úti sjó. Vegurinn er lokaður yfir veturinn.
Arnarfjörður norðanverður	3-5.2.2016	52467	F/2.5		Menn við rækjuveiðar tilkynntu um fjögur snjóflóð í Arnarfirði. Þetta er eitt þeirra en það féll í Reynihlíð, skammt vestur af Hrafnseyri og fór yfir Vestfjarðarveg og úti sjó. Vegurinn er lokaður yfir veturinn.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Arnarfjörður norðanverður	3–5.2.2016	53235	F/2.5		Menn við rækjuveiðar tilkynntu um fjögur snjóflóð í Arnarfirði. Þetta er eitt þeirra en það féll austurhlíðum Gljúfurárdals.
Bíldudalur					
Merkigil	13.3.2016	53461	K/1.5		Krapaflóð féll í Merkigili á Bíldudal.
Klofagil	13.3.2016	53460	K/1.5		Krapaflóð féll í Klofagili (Milligili) á Bíldudal sem stöðvaðist um 200 m frá húsum.
Búdargil	13.3.2016	53459	K/2.5	–/37/–	Krapaflóð féll í Búdargili á Bíldudal sem flæddi niður eftir lækjarfarvegnum sem liggur meðfram varnargarðinum og áfram yfir Lönguhlíð. Flóðið lenti á húsinu Höfðabrún og sáust ummerki upp undir þakskegg á húsinu en engin búseta er í húsinu sem er óvarið.
Dýrafjörður					
Dýrafjörður norðaustanverður	8.12.2015	53056	F/1.5	–/–/0.4	Spýja féll í norðaustanverðum Dýrafirði.
Gemlufallsdalur suðaustanverður	7/8.12.2015	53073	F/1.5	–/180/0.4	Spýja féll í Gemlufallsdal.
Dýrafjörður norðvestanverður	7/8.12.2015	53072	F/1.5	–/–/0.4	Spýja féll rétt innan við Núp.
Gemlufell	8.12.2015	53047	F/2.5	–/–/0.5	Snjóflóð féll við Gemlufell í Dýrafirði.
Gemlufell	2.2.2016	53178	F/2	–/15/–	Snjóflóð féll í Gemlufelli í Dýrafirði.
Hjarðardalshlíð	5.2.2016	53197	F/1.5		Snjóflóð féll í Hjarðardalshlíð ofan við Fremstuhús. Flóðið náði niður að girðingu.
Breiðhilla	11–13.2.2016	53233	F/2.5		Snjóflóð féll úr miðgilinu (Miðlandslækur) í Breiðhilla, vestan Núps í Dýrafirði og yfir veg.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Breiðhilla	11–13.2.2016	53232	F/3	–/150 ^v /1.5 ^v	Stórt snjóflóð féll í vestasta gilinu í Breiðhilla, vestan Núps í Dýrafirði. Flóðið fór yfir veg og langleiðina niður í fjöru.
Núpskál	15/16.2.2016	53278	Fv/3	–/20/2	Stórt flekaflóð féll í Krossgili ofan við Núp í Dýrafirði. Flóðið var vott og tunga flóðsins sveigði til vesturs neðan við gilið og nam staðar um 250 m ofan við Núpskirkju.
Önundarfjörður					
Selabólsturð, undir Urðarskál	5.12.2015	53001	F/2.5	–/60 ^v /0.8 ^v	Snjóflóð féll úr gili innan við Urðarskál og stöðvaðist á veginum og lokaði honum. Flóðið var um 25 m breitt og 1,2 m þykkt á vegi.
Selabólsturð, undir Urðarskál	7/8.12.2015	53379	F/1.5		Tvær spýjur féllu í Selabólsturð.
Selabólsturð, undir Urðarskál	2.2.2016	53174	F/2.5	–/160/0.4	Snjóflóð féll í Selabólsturð undir Urðarskál. Flóðið náði niður að vegi en fór ekki yfir hann.
Önundarfjörður utan Flateyrar	10.2.2016	53240	F/1.5		Lítið snjóflóð féll í Önundarfirði.
Valþjófsdalur	19.2.2016	53303	Fv/2		Snjóflóð féll í Valþjófsdal í Önundarfirði og yfir veg.
Valþjófsdalur	19.2.2016	53302	F/2		Snjóflóð féll í Valþjófsdal í Önundarfirði og yfir veg.
Korpudalur	6/7.5.2016	53637	F/2		Snjóflóð féll í Korpudal.
Flateyri					
Innra-Bæjargil	19/20.11.2015	52522	F/1.5		Spýja féll í Innra Bæjargili.
Fyrsta gil utan Ytra-Bæjargils	5/6.12.2015	53017	F/1.5	–/40/–	Lítið flóð féll í fyrsta gili utan við Ytra-Bæjargili.
Ytra-Bæjargil	5/6.12.2015	53016	F/1.5	–/40/–	Lítið flóð féll í Ytra-Bæjargili.
Annað gil utan Ytra-Bæjargils	6/7.12.2015	53049	F/3.5	–/130/0.4	Stórt snjóflóð féll í öðru gili utan við Ytra-Bæjargil.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Þriðja gil utan Ytra-Bæjargils	7/8.12.2015	53084	F/2	-/170/0.5	Snjóflóð féll í þriðja gili utan við Ytra-Bæjargil.
Ytra-Bæjargil	7/8.12.2015	53083	F/2	-/180/0.4	Snjóflóð féll í Ytra-Bæjargili.
Ytra-Bæjargil	5.2.2016	53212	F/3	-/300/1	Stórt snjóflóð féll í Ytra-Bæjargili utan Flateyrar. Flóðið tók staur í rafliðu og fór rafmagn af Flateyri um tíma.
Annað gil utan Ytra-Bæjargils	27/28.3.2016	53500	F/1.5		Lítið snjóflóð féll í öðru gili utan við Ytra-Bæjargil.
Fyrsta gil utan Ytra-Bæjargils	2/3.5.2016	52610	Fv/1		Spýja féll í fyrsta gili utan við Ytra-Bæjargil.
Þriðja gil utan Ytra-Bæjargils	2/3.5.2016	53635	Lv/1		Spýja féll í þriðja gili utan við Ytra-Bæjargil.
Miðhryggsgil	2/3.5.2016	53634	Fv/1		Spýja féll í Miðhryggshvilti.
Skollahviltarbelti innra	2/3.5.2016	53633	Fv/1		Spýja féll í Innra-Skollahviltarbelti.
Skollahvilt	2/3.5.2016	53632	Fv/1		Spýja féll í Skollahvilti.
Innra-Bæjargil	2/3.5.2016	53631	Fv/1		Spýja féll í Innra-Bæjargili.
Annað gil utan Ytra-Bæjargils	2/3.5.2016	53630	Fv/1.5		Spýja féll í öðru gili utan við Ytra-Bæjargil.
Súgandafjörður					
Súgandafjörður norðanverður	8.12.2015	53050	F/2.5	-/150/-	Snjóflóð féll í norðurhlíð Botnsdals. Flóðið náði yfir tún og langleiðina að Botnsá skammt frá gangamunnum.
Súgandafjörður norðanverður	8.12.2015	53059	F/1		Þrjár smáspýjur féllu fyrir vestan Norðureyri.
Súgandafjörður norðanverður	8.12.2015	53057	F/3	-/520/-	Breitt og mikið snjóflóð féll í norðanverðum Súgandafirði sem endaði niður í sjó.
Súgandafjörður norðanverður	8.12.2015	53055	F/2	-/200/-	Myndarlegt snjóflóð átti upptök í fjallsbrún Klettafjalls og fór langleiðina niður í sjó.
Súgandafjörður norðanverður	8.12.2015	53054	F/1		Fjórar klettaspýjur féllu í vestur hlíðum Ásfjalls.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Súgandafjörður norðanverður	8.12.2015	53053	F/2.5	-/150/-	Snjóflóð féll úr líftilli hviłft (Áreiðarhvoli) í norðanverðum Súgandafirði. Flóðið nam staðar um 100–200 m frá ströndinni.
Súgandafjörður norðanverður	8.12.2015	53052	L/2	-/200/-	Snjóflóð féll í norðanverðum Súgandafirði með upptök í fjallsbrún. Flóðið fór niður kletta og endaði út í sjó.
Súgandafjörður norðanverður	8.12.2015	53051	L/2	-/50/-	Snjóflóð féll í norðurhlíð Botnsdals sem náði niður á tún og yfir tvo skurði.
Súgandafjörður norðanverður	4–6.2.2016	54137	F/2		Snjóflóð féll í Grensfjalli í norðanverðum Súgandafirði og stöðvaðist í fjöruborðinu.
Súgandafjörður sunnanverður	10.2.2016	53239	F/2		Snjóflóð féll um 400 m utan við afleggjarann að Botni í Súgandafirði og yfir veginn.
Súgandafjörður sunnanverður	19/20.2.2016	53322	F/1		Litlir flekar skriðu úr hlíðinni sunnan við gangamunnann í Súgandafirði og lokuðu veginum. Greiðlega gekk að opna veginn.
Bolungarvík, utan þéttbýlis					
Sóleyjarhryggsgil, Innra-Sprengigil	8.12.2015	53087	F/1.5	-/40/-	Spýja féll í litlu gili rétt austan við Sóleyjarhryggsgil.
Breiðabólsdalur	8.12.2015	53086	F/2.5	-/100/-	Flekaflóð féll í norðurhlíðum Breiðabólsdals.
Breiðabólsdalur	8.12.2015	53085	F/1.5		Lítið flekaflóð féll rétt hjá fyrstu beygjuni uppá Bolafjall. Flóðið fór stutt en var með þykkt brotstál og tungu.
Milli Sprengigilja og Breiðabólsskálar	8.12.2015	53094	F/3	-/100/-	Stórt snjóflóð féll milli "Sprengigiljaog Breiðabólsskálar í Skálavík.
Milli Sprengigilja og Breiðabólsskálar	8.12.2015	53092	F/2.5	-/100/-	Stórt snjóflóð féll milli "Sprengigiljaog Breiðabólsskálar í Skálavík og nam staðar nokkra metra frá vegi.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Milli Sprengigilja og Breiðabólsskálar	8.12.2015	53091	F/1.5		Spýja féll milli "Sprengigilja og Breiðabólsskálar í Skálavík.
Ytra-Sprengigil	8.12.2015	53090	F/2.5	-/100/-	Stórt snjóflóð féll í "Ytra-Sprengigili" í Skálavík.
Sóleyjarhryggsgil, Innra-Sprengigil	8.12.2015	53089	F/3	-/80/-	Stórt snjóflóð féll í Sóleyjarhryggsgili sem nam staðar um 100 m frá vegi.
Sóleyjarhryggsgil, Innra-Sprengigil	8.12.2015	53088	Fv/1.5		Spýja féll í Sóleyjarhryggsgili.
